

Bliki

6

JÚNÍ 1988

TÍMARIT UM FUGLA



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fengið ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Olafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Kjartan Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.

Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.

Umbrot: BLIKI / Prentþjónustan hf.

Filmugerð: Prentþjónustan hf.

Litgreining: Valdimar Sverrisson.

Prentun: Guðjón Ó hf.

Bókband: Bókfell hf.

© 1988 BLIKI

ISSN 0256-4181

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there are no annual subscriptions. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Olafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Kjartan Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Forsíðumynd:

Stelkur

Flatey á Breiðafirði, júní 1987

Ljósm. Magnús Magnússon

Fuglalíf á og við Skjálfandaflóa að vetri

Inngangur og svæðislýsing

Nafnið Skjálfandi mun komið frá sænska víkingnum Garðari Svavarssyni, sem taldi sjó þar „meira skjálfandi“ (ókyrran) en á Eyjafirði og í fjörðum Skandínavíu (Björn Sigfússon 1946).

Innsti hluti flóans er sem næst á 66° norður og mitt á milli 17° og 18° vestur. Sé dregin lína úr Voladalstorfu vestur í Flatey norðanverða og þaðan í Víkurhöfða á Flateyjardal, er stærð flóans 865 km². Greinin fjallar um svæðið innan þessarar línu (1. mynd).

Tjörnes afmarkar flóann að austan. Fyrir botni hans er Sjávarsandur en há fjöll og mikið brattlendi að vestan, og þar er Flateyjardalur yst (2. mynd). Auk Flateyjar, sem er vestanvert í flóanum, er Lundey að austanverðu, um 1 sjómílu norðvestur frá Héðinshöfða. Um 4,5 sjómílu norður af Tjörnesi eru Mánáreyjar (Háey og Lágey).

Grunnsævi er fyrir botni flóans. Þaðan dýpkar jafnt til norðurs. Við vestur- og austurlandið er þaravaxinn steinbotn næst landi. Mesta dýpi er um 210 m. Gróft reiknað er rúmtak sjávar í flóanum 1000 gígalítrar (þúsund miljarða lítra).

Í Skjálfanda falla tvær stórar ár, Skjálfandafljót við Rófutagl á Sjávarsandi (árið 1986 var grafinn nýr ós og rennur fljótið til sjávar um 1,5 km austan við gamla ósinn) og Laxá í Aðaldal, sem fellur í Ærvík. Einnig falla í flóann nokkrar smáár og lækir.

Byggð var fyrir nokkrum áratugum við flóann vestanverðan, í Naustavík, á Vargsnesi, á Flateyjardal og í Flatey, sem fór í eyði árið 1968, síðastur þessara staða (RH). Fólk dvelst að öllu jöfnu á hverju sumri í Flatey og á Flateyjardal.

Í Skjálfanda er sjávarhiti við yfirborð í meðalárferði að hausti 5-7°C (Tafla 1). Eftir áramót er hiti venjulega kominn niður í 2-3°C og kólnar varla að ráði úr því. Köldu veturna eftir 1980 var þó hitastig á yfirborði -1°C um mánaðamót nóvember-desember og hélst svo fram á vor. Kom fyrir að enn meiri kuldi mældist (HR).

Munur á flóði og fjöru er minnstur 0,7 m en mestur 1,5 m (sjá sjávarfalla-töflur Sjómælinga Íslands).

Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir fuglalífi á og við Skjálfanda frá októberbyrjun til aprílloka. Apríl er tekinn með, enda er þá oft vetrarríki. Umfjöllunin er að mestu takmörkuð við sjófugla og þá ferskvatnsfugla sem halda til á sjó á veturna. Þó er einnig getið fjörefugla, sem sækja fæðu í og við sjó og flækingsfugla sem leita á sömu slóðir.

Þótt hér sé fjallað um Skjálfandaflóa, eins og hann hefur verið áður skilgreindur, er af ýmsum ástæðum skynsamlegt að fara stundum nokkuð út fyrir flóann, þegar vitnað er til einstakra atburða.

Gögn

Greinin er að miklu leyti byggð á athugunum frá árunum eftir 1980. Fyrst og fremst er stuðst við athuganir, sem eru að finna í dagbókum annars höfundar (Sig. Gunn.). Starfsins vegna sem sjómaður, hafa verið ærin tækifæri til þess að kanna fuglalíf á Skjálfanda, auk þess sem ferðir eru farnar með ströndum. Margt af því sem hér kemur fram er þó ritað eftir minni, einkum eldri athuganir.

Nokkuð er vitnað í fuglatalninga-
skýrslur, sem eru árangur svokallaðra
jólatalninga, en þær hafa verið skipu-
lagðar af Náttúrufræðistofnun Íslands í

Þau gögn sem eru til reiðu eru mikil eftir svæðum. Til dæmis hafa engar talningar farið fram við vesturlandið vestan flóans. Talningasvæðin eru talin upp í Töflu 2, hvernig þau eru skil-



Tafla 1. Nokkrar hitatölur úr Skjálfanda að hausti og vetri. Hiti í gráðum °C. – *Sea temperature in Skjálfandi autumn and winter. Given in °C.*

Dags./ Date	Dýpi (í m)/ Depth (in m)	Yfirborð/ Surface	Botn/ Bottom	Staðsetning og athugasemdir/ Detailed location and notes
00.10.1976	12	7	8	Nákvæma staðsetningu vantar
10.04.1977	15	2,1	1,9	" " "
22.04.1977	18	1,9	1,8	" " "
15.04.1978	15	1,8	1,8	Framan við Húsavík
22.04.1978	26	2	2	" " "
22.03.1979	10	-	2,4	Barmur ofon Lundeyjar
30.03.1979	-	0,6	-	Utan við Húsavík (hafís)
06.04.1979	-	0	-	" " " "
17.04.1979	-	1,5	-	" " " (hafís horfinn)
17.10.1986	105	5,9	5,4	Miður Skjálfandi
17.10.1986	150	6,1	5,1	" "

Heimildir. – Sources: Hafrannsóknastofnun Íslands, Jónbjörn Pálsson, Vilhjálmur Þorsteinsson.

greind og hversu oft þau hafa verið talin. Hvað upplýsingar úr jólatalninga-skýrslum snertir, er rétt að hafa í huga, að aðstæður til talninga hafa verið mjög misgóðar. Á þessum árstíma er einna auðveldast að telja á svæðinu frá Húsavíkurhöfða að Kaldbaksnefi, en önnur svæði hafa þann annmarka, að stundum tókst ekki að komast þau á enda (sjá Náttúrufræðistofnun Íslands 1972-1977, Nía).

Flestar strandathuganir eru frá svæðinu Ærvík – Lynghöfði, og innan þess svæðis eru flestar athuganir af hafnar-svæði Húsavíkur. Allgóðar upplýsingar eru til um fugla úti á flóanum, nema helst í grennd við Flatey. Upplýsingar meðfram vesturlandinu eru einnig mjög takmarkaðar, og eru einkum frá þeim tíma, þegar byggð var vestan flóans og í Flatey.

Undir lok greinarinnar er svo gerð grein fyrir athugun á fæðuvali nokkurra sjófugla. Þeim var náð af öðrum okkar (Sig. Gunn.) í flóanum, en hinn (Jónbj. Páls.) sá um að kanna magainnihald þeirra.

Fuglatal

Skarfar, súla og fyll

Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo* var talinn algengur varpfugl við Húsavík á fyrstu áratugum aldarinnar (Baldur Sveinsson ódags.). Um dílaskarfinn segir Dinesen (1926): „Verpir aðallega við ströndina í grennd við Húsavík (bls. 24)“. Allt fram yfir 1930 voru varpstöðvar hans hér við land taldar fyrst og fremst vera á Norðurlandi (Bjarni Sæmundsson 1936). Nú eru varpstöðvar skarfanna (beggia tegunda) nær eingöngu við Vesturland (Arnþór Garðars-son 1979, Ævar Petersen 1982).

Í Ærvíkurbjargi byrjuðu dílaskarfar að verpa 1901-1902 og þar voru 32 fuglar í varpi 1906 (Hörring 1906).

Dílaskarfur er ennþá nokkuð algengur vetrarfugl við Skjálfanda, einkum með norðanverðu Tjörnesi. Við vesturlandið voru þeir algengir um vetur á þeim tíma er byggð var á þessum slóðum (SS, HÁ) og eru þar nokkuð algengir ennþá. Óvenju mikið sást af dílaskarfi

í Skjálfanda haustið 1986. Í lok ágúst og fram eftir hausti, allt fram undir sept-emberlok, mátti sjá mikið af þeim, jafn-vel yfir 100 fugla í hóp.

Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis* var á sama tíma talinn varpfugl víðast kringum land, nema á Austfjörðum (Bjarni Sæmundsson 1936). Hann varp í Lundey í byrjun aldarinnar (Baldur Sveinsson ódags.) og hefur því verið öllu algengari að vetri á þessum slóðum en nú á tímum. Dinesen (1926) nefnir ekki toppskarf, sem verður að teljast merkilegt, en Dinesen dvaldist á Húsa-vík frá 1902-1914.

Toppskarfur er nú sjaldgæfur. Komið hefur þó fyrir, að hann hafi sést í jóla-talningum, t.d. fjórir fuglar 1960 og tveir sáust 1985. Auk þess sást ungfugl í október 1982, fugl í fullorðinsbúningi á Fiskiskeri við vesturlandið 24. apríl 1984 og svo sáust tveir haustið 1986, þ. 22. september og 18. október.

Súla *Sula bassana* hefur sést fjórum sinnum í jólatalningum, einn fugl 1964, tveir fuglar 1969, þrír 1985 og tveir 1986. Annars er afar sjaldgæft að sjá súlu í flóanum á haustin og allt fram í febrú-arlok. Þó er þekkt súlukast við Flatey í febrúar, líklega 1960, en þá voru loðnu-göngur einnig óvenju snemma á ferð (GG). Heldur hefur súlu farið fjölgandi. Stöku sinnum halda nokkrir geldfuglar til á Skjálfanda, allt fram á mitt sumar.

Fýll *Fulmarus glacialis* er tiltölulega nýr landnemi við Skjálfanda og hefur fjölgað stöðugt. Coburn (1901) getur þess sérstaklega, að hann hafi ekki heimsótt varpstöðvar fýlsins en hann kom í Mánáreyjar 1899 (sbr. Ævar Petersen 1985). Hantzsch (1905) ferðaðist um Ís-land árið 1903. Hann getur Mánáreyja sem varpstöðvar fýls, sem líklega er rangt, þar sem Hörring (1906) getur þess, að fýlar verpi ekki í eyjunum. Fýlar byrjuðu ekki að verpa í Mánáreyjum



2. mynd. Séð vestur yfir Skjálfandaflóa til Víknafjalla. – Seen across Skjálfandi towards the Víknafjöll mountains on the west side of the bay. Ljós. Gunnar Rafn Jónsson.

Tafla 2. Svæði við Skjálfanda, þar sem jólatalningar hafa farið fram, ár og fjöldi talninga. – Areas around Skjálfandi censused in Christmas Bird Counts, giving numbers of annual counts and years.

Svæði/ Area	Fjöldi talninga/ No. of counts	Hvenær talið/ Years
Sjávarsandur	12	1958-1969
Sjávarsandur	5	1982-1986
Æðarfossar - Kaldbaksnef	8	1978-1986 (-1981)
Kaldbaksnef - Húsavíkurhöfði	31	1956-1986
Húsavíkurhöfði - Reyðará	25	1958-1986 (-1963, 1969, 1979)
Reyðará - Reká	5	1982-1986
Reká - Stórhöfði	9	1960-1969 (-1962)
Reká - Hólssker	3	1984-1986
Hólssker - Máfhöfði	3	1984-1986

fyrir en um 1925 og á austanverðu Tjörnesi 1922 (Ævar Petersen 1985). Í Lágey voru nokkur pör með unga sumarið 1930 (JB). Dinesen (1926) segir fýl byrjaðan að verpa í Lundey, líklega upp úr 1910. Fýll verpir nú í þúsundatali við Skjálfanda.

Fýllinn er að jafnaði horfinn úr flóanum fyrstu dagana í október. Hann er þó tæplega langt undan. Kemur þá stundum inn í flóann, jafnvel þúsundum saman, og þá helst í norðan kalda, súld eða snjókomu, einkum í bleytuhríð. Í jólatalningu 1985 sáust um 1000 fýlar og 1986 um 2000. Í báðum tilfellum sáust nær allir frá Voladalstorfu, en engir fýlar sáust þar í talningunni 1984. Í góðri tíð byrja fyrstu fýlarnir að heimsækja varpstöðvarnar um miðjan janúar og fjölgar stöðugt úr því. Þann 15. febrúar 1986 sátu fýlar uppi í varpstöðvunum svo þúsundum skipti við flóann vestanverðan. Síðari hluta vetrar er að jafnaði mjög mikið af fýl, t.d. voru á að giska 4000 við Húsavík um miðjan mars 1980 (NÍb).

Fýllinn er fastur fylgifugl fiskibáta. Hann er afar gráðugur og étur hvað sem til fellur. Fyrir handfæraveiðimenn með beitufæri getur hann verið til vandræða. Ræðst þá á nýbeitta öngla og hirðir beit-

una. Karfakóð *Sebastes* (=lítill karfi sem ekki er hirtur) ræðst hann á, gæðir sér á innvolsi þeirra en eftirlætur skúmi eða svartbaki afganginn. Milli fýls og skúms er lítið um vinskap. Gerist hinn síðarnefndi of nærgöngull, ráðast fýlarnir að honum, ýfa fiður og „hóta“. Þá bregst ekki, að skúmurinn færir sig hæversklega og hæfilega langt frá.

Fýlar af dökka litarafbrigðinu („smiðir“) sjást öðru hvoru. Dökkur fýll sást á eggjum í Ærvíkurbjargi fyrir nokkrum árum (GH), og haustið 1985 var illa fleygur dökkur ungi á ferðinni nálægt Voladalstorfu á Tjörnesi. Sama haust var óvenju mikið af dökkum fýlum á ferðinni og algengt að sjá 3-5 fugla á degi hverjum frammi í flóa.

Andfuglar

Æðarfugl *Somateria mollissima* er algengasta andartegundin á Skjálfanda. Í jólatalningu töldust flestir æðarfuglar árið 1985, alls 8800 fuglar. Hefur þeim greinilega fjölgað þrjú síðastliðin ár. Á sama tíma hefur varppörum í nærliggjandi vörpum fjölgað. Sveiflur í fjölda varpfugla í Flatey eru verulega minni, en þar hefur varpfuglum einnig fjölgað.

Æðarfuglinn heldur sig með allri

ströndinni í misstórum hópum, einnig við Lundey og Flatey (3.mynd). Ut af Sjávarsandi heldur æðarfugl sig aðeins þegar göngur loðnu *Mallotus villosus* eru á ferð, síðari hluta mars og í apríl. Ungfuglar halda að mestu til á ákveðnum svæðum, t.d. við Húsavíkurhöfða, en veturinn 1984-85 voru þar að staðaldri 1000-1200 fuglar. Á sama svæði voru ári síðar varla yfir 400 ungfuglar, en ungadaudi varð allnokkur í norðan hrakviðri og sjógangi dagana 13. og 14. júlí 1985 (JB).

Það er ekkert vafamál, að umtalsverðar sveiflur hafa átt sér stað í fjölda æðarfugls á Skjálfanda á þessari öld. Í upphafi aldarinnar voru um 7500 varppör á Laxamýri (Hörring 1906). Nú á tímum eru tvö afgerandi æðarvörp við Skjálfanda, á Laxamýri og í Flatey. Næsta æðarvarp, sem eitthvað kveður að, er í Lóni í Kelduhverfi, næst Tjörnesi að austan. Fjöldi varppara í þessum þremur æðarvörpum er nú um 5000 (Tafla 3).

Skýringar á fækkun í stofninum eru vandfundnar. „Tæring“ í ungfugli var algeng, þegar fjöldi fugla var mestur fyrr á öldinni. Olúmengun náði ekki til Skjálfanda á stríðsárunum (JB), svo hún getur ekki hafa valdið hnignun æðarstofnsins. Síðustu áratugi hefur meiri háttar ungfugladauda að vetri varla orðið vart. Fyrr á árum kom nokkuð af æðarfugli í grásleppunet undir vissum kringumstæðum, en nú til dags heyrir til undantekninga að sjá fugl í neti. Hvort fuglinn hefur lært að forðast net verður ekki fullýrt. Í Lóni í Kelduhverfi hefur verið lögð laxagildra á undanfórnum árum til veiða á hafbeitarlaxi. Árið 1983 komu í þessa gildru um 160 æðarfuglar, árið eftir varla yfir 30 fuglar og 1985 milli 10 og 20 fuglar en svipað 1986, og þá helst ungfuglar (BH).

Samkvæmt jólatalningum virðist æðarfugli hafa fjölgað hin síðustu ár. Á sama tíma hefur varppörum fjölgað í nærliggjandi vörpum. Ekki verður full-

yrt hér, hvort samband sé á milli breytinga í fjölda fugla í jólatalningum og fjölda varppara á svæðinu, en óneitanlega væri fróðlegt að fylgjast með þróun þessara mála á komandi árum.

Líklegt er, að æðarstofnar frá Grænlandi, Svalbarða og Islandi myndi eina heild, en það veldur því, að erfitt er að fylgjast með raunverulegum stofnbreytingum (Arnbór Garðarsson 1982). Því gæti fækkun á æðarfugli í Skjálfanda þýtt fjölgun annarsstaðar, þar sem fuglinn hafi flutt sig til og svo öfugt þegar fuglinum fjölgað aftur.

Seinni hluta vetrar er oft óhemju mikið af æðarfugli, þegar loðna er gengin. Fylgir hann þá loðnutorfunum. Í apríl 1984 og 1985 gekk óhemju magn af loðnu í Skjálfanda. Þessum loðnugöngum fylgdi gríðarlega mikið af æðarfugli, jafnvel tugir þúsunda. Sömu vor varð veruleg aukning á fjölda varppara og einnig voru fleiri egg í hverju hreiðri en endranær (JB, BJ). Hér við land eru vetursetustöðvar, og að auki líklega fellistöðvar, æðarfugls frá Grænlandi og Svalbarða (Arnbór Garðarsson 1982). Vafalítið er þar að finna a.m.k. hluta af skýringu á þeim óhemju fjölda af æðarfugli, sem fylgir loðnugöngunum.

Stökkönd *Anas platyrhynchos* hefur nokkra sérstöðu meðal andanna. Áður fyrr voru stökkendur aðeins örfáar við Flatey (GG), en sjást nú helst aldrei við vesturlandið (HH). Lengra út með Tjörnesi halda til nokkrir sjálfstæðir hópar (GH), en síðustu ár hefur fjöldi stökkanda við Húsavík verið nokkuð stöðugur, allt að 400 fuglar. Nokkuð víst má telja, að það er meiri hluti þeirra fugla, sem dvelst við Skjálfanda. Á Búðará í miðjum Húsavíkurbæ er öndunum gefið reglulega og nú orðið hlýða þær kalli. Þó nokkrar ungamæður koma á „andapollinn“ með afkvæmin og þar alast ungarnir upp, en nokkur hluti fullorönu fuglanna fella þar fjaðrir. Í góðri tíð færa þessar endur sig inn með

ströndinni og út með Tjörnesi. Árin 1983 til 1985 var á Búðará stökkönd sem bar greinileg einkenni beggja kynja. Hún var þöruð karlfugli og sást síðast vorið 1985.

Straumönd *Histrionicus histrionicus* virðist heldur hafa fjölgað hin síðustu ár. Í jólatalningu 1984 sáust 356 fuglar, 1985 sáust 444 en 466 árið 1986. Við Lynghöfða á Tjörnesi hafa sést allt að 100 fuglar í hóp og innan Breiðuvíkur sáu fuglaskoðarar 150-200 fugla í hóp (GH, HeB). Straumendur halda til í smáhópum allt frá Voladalstorfu að Laxárósi, eru þó sjaldgæfar næst Húsavík. Við suðaustanverða Lundey hafa þær sést, fáeinar saman (JBj). Á þrem stöðum við vesturlandið, við Purkárós, á Skálavík og Rauðavík eru smáhópar af þeim (HH). Við Flatey voru þær algengar í skjóli við eyjuna í vondum veðrum, allt að 40-50 fuglar (RH, GG). Haustið 1986 var í nokkur skipti, síðari hluta september og fyrstu daga október, hugað að straumöndum við Mánáreyjar, en þær sáust ekki (HB). Það útilokar þó ekki, að þær komi þar og haldi til að vetrarlagi, en þær hafa þær sést á sumrin (Ævar Petersen 1985).

Þann 13. apríl 1981 sáu fuglaskoðunarmenn 400-500 straumendur í hóp undan Ærvíkurbjargi (GH). Trúlega hafa þær verið farnar að nálgast varpstöðvarnar, en við efri hluta Laxár, frá útfalli hennar úr Mývatni, verpir straumönd þéttar en annars staðar á landinu. Vera má, að hvergi í heiminum sé jafnþétt straumandavarp og þar (Finnur Guðmundsson 1971).

Hávella *Clangula hyemalis* er önnur algengasta andfuglategundin á Skjálfanda. Í jólatalningu 1984 sáust alls 1350 fuglar, 1985 sáust 1560 en 1470 árið 1986, sem gæti hugsanlega verið allt að helmingur af þeim fuglum, sem dvöldust í flóanum um það leyti sem talningar fóru


fram. Utan talningasvæðanna er allnokkuð af hávellu við vesturlandið, frá Vargsnesi að Hellisvík, og við Lundeyjarbrek eru oftast u.þ.b. 100 fuglar. Við Flatey var yfirleitt lítið um hávellu yfir háveturinn (HÁ, GG).

Haustin 1983-86 komu fyrstu hávellurnar á vetursetustöðvarnar næst Húsavík 8.-10. október, en þó 5 dögum fyrr haustið 1986, átta fuglar. Þær virðast alkomnar um þremur vikum seinna. Frá hausti og fram í byrjun mars halda þær sig á grunnsævi meðfram landinu. Á Húsavíkurhöfn eru að jafnaði 20-40 fuglar, sem eru afar gæfir.

I marsbyrjun halda hávellur sig frammi í flóanum og byrja ekki að sjást fyrr en einar 2-3 sjómílar frá landi. Í apríl eru þær nær alfarið djúpt frammi og þá oft í stórum hópum, jafnvel þúsundir í stærstu hópunum. Fjölgar þeim þá verulega fram undir apríllök, en þá byrja þær að tínast burtu. Um miðjan maí, eða fljótlega upp úr því, er meginþorri þeirra horfinn.

Gulönd *Mergus merganser* sést fyrst og fremst við Laxárós að vetri. Gulendur hafa sést flestar 11 í jólatalningu, en það var 1985. Gulöndum hefur fækkað mjög frá því sem var fyrr á öldinni (HM). Áður fyrr sáust þær alltíðum í skjóli við Flatey í vonskuveðrum, 2-4 saman (RH, GG). Út með Tjörnesi eru þær sjaldgæfar, en hafa þó sést stöku sinnum í svokölluðum Barmi ofan Lundeyjar (JB).

Toppendur *Mergus serrator* sjást einnig við Laxárós en halda líka til á grunnsævi með landinu, bæði undan Sjávarsandi og út með öllu Tjörnesi. Þær eru hinsvegar mjög sjaldséðar við vesturlandið og Flatey (GG, HÁ, HH). Líklega hefur toppönd heldur fjölgað, hún sést a.m.k. oftar nú en áður. Í jólatalningu 1984 sáust 82 fuglar, og 1985 voru þær 99.



3. mynd. Hópur æðarfugla á Húsavíkurhöfn að vetrarlagi. – *Eider Ducks in the harbour at Húsavík during winter.* Ljós. Gunnar Rafn Jónsson.

Máfar

Svartbakur *Larus marinus* er stærstur máfanna, mjög harðgerður og duglegur að bjarga sér. Síðustu ár virðist honum hafa fækkað verulega á varpstöðvum við flóann vestanverðan. Er hann t.d. fyrir all löngu horfinn úr Bríkinni. Þarna gætu hafa orpið um 40 pör, en eru nú varla fleiri en 6-8 (SK). Bændur á Laxa-mýri hafa skotið svartbak allnokkuð um ungatíma æðarfugsins, um 300 fugla á ári til jafnaðar síðustu 20 ár (BJ).

Hvítmafur *Larus hyperboreus* er fastur vetrargestur, en yfirleitt sjást fáir fuglar. Flestir sáust í jólatölningu 1976, eða 300. Þeir halda einkum til í námunda við Húsavík, en þó má að öllu jöfnu sjá einn og einn fugl frammi í flóa.

Fyrstu fuglarnir sjást venjulega í september. Síðast í mars eru fullorðnir fuglar að mestu horfnir, en ungfuglar sjást

gjarna fram á vor. Óvenjumikið var af ungfugli í apríl 1986, sáust jafnvel allt að 20-30 fuglar í hóp.

Að minnsta kosti eitthvað af þeim hvítmafum, sem hér dveljast, eru frá íshafslöndum (Agnar Ingólfsson 1982), en hvítmafar merktir á Svalbarða hafa náðst hér við land (Magnús Björnsson 1939).

Bjartmafur *Larus glaucoides* er m.a. varpfugl á Grænlandi og Svalbarða. Þessi tegund er fastur vetrargestur á Skjálfanda, en fjöldi fugla er mjög breytilegur. Fyrstu fuglarnir sjást venjulega í lok september, en um miðjan október er fjöldi þeirra oft orðinn verulegur. Í jólatölningu hafa sést flestir 750 fuglar (1985), en komið hefur fyrir, að enginn hafi sést á Húsavíkursvæðinu, þar sem er að jafnaði mest af þeim. Í lok febrúar eru fullorðnu fuglarnir mikið til horfnir, en sumir dvelja þó lengur og ungfuglar stundum fram á vor.

Silfurmáfur *Larus argentatus*. Líklega annar fuglinn sem náðist hérlandis var veiddur á Skjálfanda þ. 6. janúar 1909 (NÍb). Annars eru ekki til heimildir um silfurmáfa við flóann fram undir 1950, en um það leyti sáu Tjörnesingar silfur- máfa, sem sóttu í grásleppuúrgang (JB). Þeir komu fyrst fram með vissu í jóla- talningu 1958, en líklega hefur þó sést einn fugl í jólatalningu árið áður (NÍa). Við Flatey sáu silfurmáfar fyrst um 1960 (GG). Síðan hefur þeim fjölgað og voru flestir 350 í jólatalningu 1985. Veturinn 1984-85 var óvenju mikið af silfur- máfum, t.d. voru taldir 500-600 fuglar þ. 9. desember. Köldu veturna eftir 1980 voru þeir afar fáir, sem m.a. kom greinilega fram í jólatalningunum.

Fáein pör silfuramáfa verpa á Tjörnesi, en stórt varp er í Hágöngum (Ævar Pet- ersen 1985). Í Hellisvík verpa um 30 pör og þar hafa sést tveir silfurmáfar í varpi með alveg hvíta vængbrodda (GH).

Rita *Rissa tridactyla*. Af ritum er að jafnaði nokkur fjöldi í flóanum að vetri, einkum í mildum vetrum. Köldu vet- urna eftir 1980 hurfu ritur alveg en fóru að sjást aftur í febrúar. Ritur sjást helst við land í álandsvindi, og heldur er erfitt að geta sér til um fjölda fugla yfir hávet- urinn.

Seinni hluta vetrar er venjulega óhemjumikið af ritum og fylgja þær þá fast á eftir loðnugöngum. Þær laðast að fiskibátum og hirða hverja beituögn, sem til fellur. Stöku fuglar eru þá mjög gæfir, jafnvel svo, að sjómenn gera sér að leik að grípa þá.

Hettumáfur *Larus ridibundus* er tiltölu- lega nýr landnemi á Íslandi (Finnur Guðmundsson 1964). Sá fyrsti sem getið er um við Skjálfanda náðist við Húsavík 2. janúar 1909 (NÍb). Heimildir vantar um hettumáfa fram til 1926/27, að einn fugl sást fyrir víst nálægt Húsavík (JB). Í jólatalningu 1956 sáu 20 fuglar, en flestir voru þeir 1976, eða 750 fuglar.

Tafla 3. Áætlaður fjöldi varppara í þremur æðarvörpum við Skjálfanda og Kelduhverfi. - *Numbers of breeding pairs of Somateria mollissima in colonies on Skjálfandi and Kelduhverfi. All figures are approximate!*

Varp/ Colony	Ár/Year					
	1900	1914	1980	1984	1985	1986
Laxamýri	7500	4770	1020	2300	3000	3000
Flatey	80 ²⁾	480	1100	1450	1600	1450
Lón	-	930	200	500	700	600

¹⁾ Heimildir. - Sources: GG, BJ, ÞJ, Sigurður Stefánsson (1917), Ólafur K. Nielsen (1984).

²⁾ Tala frá 1910. - From 1910.

Hettumáfar sjást varla við land að vetri, nema við Húsavík, en þar voru taldir 900-1000 fuglar 16. desember 1984 og munu varla hafa sést fleiri í einu.

Í mildum vetrum virðast hettumáfar lifa allgóðu lífi. Í ísavetrum hafa þeir átt erfitt um vik að bjarga sér, á meðan ís var við land. Í apríl ísaveturinn 1968 drápu þeir unnvörpum, frusu í hel og festust í ísinn á vakarbörum. Hörkurnar höfðu þó ekki meiri áhrif en það, að alls sáu 300 hettumáfar í næstu jóla- talningu. Um miðjan mars eru fyrstu fuglarnir komnir með brúnu hettuna og í marslok eru flestir komnir í varpbún- ing (4. mynd).

Af þeim máfategundum sem hefur verið getið, er það ritan, sem einkum heldur til djúpt í flóanum yfir hávetur- inn. Svartbakar sjást bæði djúpt og grunnt. Aðrir máfar halda meir til við land, en sjást þó frammi í flóanum, einkum þá á ferð. Svartbakar og ritur fylgja fast eftir fiskibátum, og er svart- bakurinn afar þolinmóður að bíða eftir fiskkóði sem til fellur. Algengt er, að 10-30 fuglar fylgi bát, sem er að veiðum. Stöku hvítmáfar fljóta þarna með. Nái þeir fiskkóði, má næstum ganga að því

vísu, að svartbakar ráðist að þeim og taki af þeim aflann. Virðast hvítmáfar yfirleitt bera skarðan hlut frá borði í baráttu við svartbaka. Svartbakar geta gleypt ótrúlega stóra fiska og græðgi þeirra virðist yfirleitt mikil. Þeir ráðast jafnvel á fullorðnar teistur, granda þeim og éta (Bjarni Sæmundsson 1936).

Hettumáfar sækja nokkuð í æti í flóanum, og þeir virðast eingöngu sækja æti í straumrastir. Þeir eiga til að sækja í fódurkorn og sér í lagi eru þeir hrifnir af maðsköggjum. Í fiskúrgang hvers konar sækja máfarnir mikið, en ekki verður um þá sagt, að þeir séu til vandræða yfir veturinn.

Svartfuglar

Langvía *Uria aalge*, stuttvía *Uria lomvia* og álka *Alca torda*. Allar tegundir svartfugla, sem verpa hér á landi, eru þekktar í Skjálfanda að vetri. Langsamlega algengust er langvían en stuttvía er mun sjaldgæfari, nema þá dýpra en langvían. Stuttvía kallast hér sú tegund sem gjarna er nefnd stuttnefja annars staðar á landinu. Þessar tegundir, ásamt álku, byrja venjulega að sjást djúpt í flóanum seint í október. Upp úr mánaðamótum október-nóvember fjölga langvíum yfirleitt mjög og skipta þá þúsundum. Alkur halda sig að öllu jöfnu grynna en eru þó nokkuð innan um langvíurnar. Stuttvíur færa sig svona ein og ein nær landi í desember. Kemur þá fyrir, að þær sjáist upp við fjörur og jafnvel inni í höfn, þótt um fullfríska fugla hafi verið að ræða.

Haftyrðillinn *Alle alle* sést fyrst í nóvember. Í góðari sjást venjulega fáir fuglar og þá helst í desember. Það er samdóma skoðun gamalla sjómanna, að mikið hafi sést af haftyrðli í hörðum vetrum fyrr á árum (HM, HK), og víst er, að köldu veturna eftir 1980 voru haftyrðlar í þúsundatali á Skjálfanda. Síðari hluta vetrar 1982 voru þeir paulsetn-

ir, og stöku þör héldu til á flóanum fram undir vor.

Lundi *Fratercula arctica* er sjaldséður á vetrum en helst sjást ungfuglar. Hefur svo verið það eldri menn muna (HM, PM). Stundum virðist þó lundinn ekki langt undan. Til dæmis þegar hafís rak inn um áramótin 1917-18, hrakti mikið af lunda og haftyrðli að landi undan ísn-um. Suma þessa fugla hrakti tugi kílómetra upp á land, þar sem þeir frusu í hel (JB).

Eftir Kingston Peridot slysið, sem sagt verður frá síðar, rak á fjörur allmikið af olíublautum lundum. Af 52 fuglum í fjöru við Mánárbakka, voru 36 ungfuglar og 16 fullorðnir (Finnur Guðmundsson 1968). Einn þeirra var tveggja og hálfis árs gamall, merktur sem ungi í Hernyken í Noregi 13. ágúst 1966 (NÍD).

Lundinn er nokkuð stundvís, þegar hann vitjar varpstöðvanna í Lundey, en þar er hann ávallt mættur 15.-17. apríl ár hvert (JBj). Árið 1986 voru þó fyrstu lundapörin komin viku af apríl. Slíkt er óvanalegt, og einnig það atvik, þegar fuglaskoðunarmenn sáu 20 lunda í hóp þ. 1. janúar 1986 í Öxarfirði, nálægt varpstöðvunum á austanverðu Tjörnesi (HeB, GH).

Teistan *Cephus grylle* er fastur vetursetufugl við fjörur en sést sjaldan langt frá landi. Hin síðari ár hefur henni fækkað mikið, og er nú varla nema brot af þeim fjölda, sem áður þekktist (JB). Árið 1986 bar örugglega meir á teistu en undanfarin ár, t.d. sáu 500-700 fuglar í hóp 23. apríl um tvær sjómílar suðaustur af Flatey. Ennfremur bar mikið á pöruðum fuglum við vesturlandið frá Vargsnesi og út með fjöllunum (PH). Einnig bar meira á teistu haust og fyrri hluta vetrar 1986. Talið er, að minnur *Mustela vison* hafi breytt varpdreifingu teistunnar á Íslandi (Ævar Petersen 1982). Heldur er ólíklegt, að hann eigi sök á fækkun vetursetufugla, nema hon-

um hafi tekist að fækka verulega í stofnum á stóru svæði. Á minkagrenjum við Skjálfandaflóa heyrir til undantekninga að finna rytjur af teistum. Þó fundust þrjár á greni við Ísólfsstaði á Tjörnesi 18. júní 1986. Þar sem minkur hefur tekið sér bólfestu í stórgrýttum urðum við sjó, hverfa teistur með öllu af svæðinu um tíma (VJ).

Fyrir um 40 árum var nokkurt teistuarp í fjöru hjá Ísólfsstöðum, allt að 40 pör. Um það leyti byrjaði varpinu að hnigna, án sýnilegra ástæðna. Þá var minkur ekki kominn á Tjörnes. Nú munu 8-10 pör verpa við Ísólfsstaði (JF). Í Hvalvík, norðan Ísólfsstaða, var allnokkuð teistuarp. Þær teistur sem ennþá verpa þar, hafa hin síðari ár verpt í sprungum í klettum þar sem minkar ná ekki til þeirra (HA).

Teistum er fugla hættast við að lenda í grásleppunetum (Ævar Petersen 1982). Af viðtölum við grásleppuveiðimenn hefur komið fram, að nú orðið komi mjög lítið af teistu í netin, enda eru veiðarnar stundaðar á dýpra vatni en áður tíðkaðist.

Fyrstu daga mars eru teistur að byrja að komast í varpbúning og um miðjan mánuð er svo tilhugalífið í fullum gangi. Þá eru varpfuglar annarra svartfugla yfirleitt einnig komnir í varpbúning (Bjarni Sæmundsson 1936).

Eftir áramót fækkar langvím yfirleitt, og ber þá stundum meira á stuttvím. Af veiddum svartfuglum í janúar 1985 var um þriðjungur stuttvía, en í janúar 1986 varla yfir 2%.

Það er helst eftir áramót að þrengist um æti fyrir svartfugl. Þá hefur stundum borið á „pest“ í langvím. Þær hafa tærst upp, skriðið á land og farist. Einnig er þekkt „veiki“ í haftyrdlum, t.d. veturinn 1984-85. Harða vorið 1979 vesluðust margir lundar upp og dóu, en ekki er vitað hversu margir. Lundinn við Lundey virtist allur vera hrjáður, misjafnlega mikið eftir einstaklingum og

horaður fram eftir öllu sumri. Nærri örugglega hefur ætisleysi valdið þessu „fári“ í lundanum (JBj). Veikir lundar sem fengu mat og aðhlynningu hjá fólki, hresstust við og fengu heilsu.

Síðari hluta vetrar, í norðankalda, súld eða hríðarslitringi, kemur stuttvían fljúgandi í misstórum hópum. Þessir hópar fljúga inn flóann vestanverðan og út til hafs að austanverðu, 2-3 sjómíllur frá landi. Þetta flug stuttvíunnar getur staðið allan daginn, haldist veður svipað. Fyrir kemur að fuglar þessir tylli sér innarlega í flóanum, þegar loðnugöngur eru á ferðinni. Þann 25. mars 1984 voru stuttvíur t.d. í þúsundatali á bátaleið frá Húsavík vestur yfir flóann að Vargsnesi en voru að mestu leyti horfnar daginn eftir.

Svo virðist sem langvíur veiddar á Skjálfanda fyrrihluta vetrar, séu að mestu ungfuglar, og af álku sjást eingöngu ungfuglar. Endurheimtur merktra fugla á þessum tíma á Skjálfanda eru aðeins þrjár: Álka sem veiddist 8. október 1982 hafði verið merkt í Grímsey 11. júlí sama ár (þ.e. ungfugl á fyrsta ári). Önnur álka, fundin í grásleppuneti við Flatey í fyrstu viku apríl 1984, hafði verið merkt í Grímsey 11. júlí 1982 (nær tveggja ára). Og langvía kom í þorskanet við Flatey 26. apríl 1985, merkt í Grímsey, tæpum 3 árum áður, 5. júlí 1982 (NÍd).

Vaðfuglar

Sendlingur *Calidris maritima*. Þegar litid er yfir jólatalningar allt frá 1956, kemur í ljós, að yfirleitt hefur sést verulegur fjöldi sendlinga, allt fram til 1967, að aðeins sáust fáir fuglar. Það má segja, að síðan hafi fjöldinn á svæðinu verið í lægð og það svo, að veturinn 1979-80 sást ekki einn fugl í jólatalningu. Orsök fækkunar sendlinga er ekki kunn, en í Flatey tók fólk eftir því, að þeir hurfu að mestu í ísárunum, fyrst 1965 en síðast kom hafs 1979 (GG).


Hafís var í fjörum á Skjálfanda bæði 1965 og 1966. Trúlega hefur þá verið erfið um æti fyrir sendling. Bent hefur verið á, að sendlingi hafi fækkað með tilkomu minks á svæðið.

Nú virðist þessi þróun hafa snúist við og sendlingum heldur fjölgað. Til dæmis var áberandi mikið af þeim í fjörum seinni hluta vetrar 1984 og svo haustið 1986. Talið er að verulegur hluti íslenskra varpfugla haldi til hér á landi að vetri (Bjarni Sæmundsson 1936). Þann 24. febrúar 1982 voru fuglaskoðunarmenn á ferð í Bakkafjörum norðan Húsavíkur. Þeir sáu þar óvenjulega sjón, 2-3000 sendlinga (GH). Líklega hafa þar verið á ferðalagi fuglar ættaðir frá íshafslöndum, en talið er að fuglar frá Grænlandi og Kanada komi hér við (Árni Waag Hjálmarsson 1982).

Ránfuglar

Fálki *Falco rusticolus*. Þeir ránfuglar, sem halda til við sjó að vetrarlagi, lifa aðallega á sjófuglum og fjörufuglum. Fáeinir fálkar (u.þ.b. 6-8) halda til við ströndina, einnig í Lundey og Flatey (GG, HÁ). Þessir fuglar lifa m.a. á hávellum og svartfugli, og í stöku tilvikum ná þeir æðarfugli og máfum (HM, PM, HH).

Smyrill *Falco columbarius* hefur sést þrisvar í jólatalningu, 1959, 1960 og 1962, einn fugl í hvert skipti. Líklega eru smyrllar við flóann flesta vetur, enda sjást þeir alltaf öðru hverju. Fyrri hluta vetrar 1985-86 hélt einn til við Húsavík-urhöfn. Sá fugl var m.a. staðinn að því að veiða sér mús, en helst virðast þeir



4. mynd. Hettumáfur og rita eru að staðaldri á Skjálfanda að vetrarlagi. Hér sjást nokkrir hettumáfar og ein rita á bryggjunni í Húsavík undir vor. – *The Black-headed Gull and the Kittiwake are found every winter in the Skjálfandi bay area. The picture shows several Black-headed Gulls and a single Kittiwake on the pier at the town of Húsavík.* Ljósm. Ríkharður Ríkharðsson.

Leirur í hættu

Sarah Brennan birti eftirfarandi hugvekju í tímaritinu „Birds“ (vetrarhefti 1986, bls. 39-44), sem gefið er út af Hinu konunglega breska fuglaverndarfélagi (RSPB). Veitti höfundur góðfúslegt leyfi sitt fyrir því, að greinin yrði þýdd og birt í Blika. Á hún þakkir skyldar. Félagið RSPB berst fyrir friðun fugla og kjörsvæða þeirra og hefur m.a. keypt upp mörg svæði sem eru þýðingarmikil fyrir fugla. Þetta félag er mjög virt og áhrifamikið, enda munu félagar þess vera nálægt hálfri milljón. Núverandi forseti RSPB er hinn kunni sjónvarpsmaður í Bretlandi, Magnús Magnússon. Greinin á að höfða til Íslendinga sem láta sér einhverju varða framtíð íslensks fuglalífs, þar eð verulegur hluti mó- og votlendisfugla okkar dvelst á Bretlandseyjum á veturna eða kemur þar við um fartímann vor og haust. Í tilfni þessarar greinar er lítillega rætt um stöðu þessara (og skyldra) mála annars staðar í ritinu. Eric Hosking er þökkud velvild í garð ritsins með því að lána 1. mynd endurgjaldslaust. – *Ævar Petersen.*

Þúsundum vatna- og vaðfugla yrði úthýst ef allar þær tillögur sem fyrir liggja um framkvæmdir á ósasvæðum yrðu að veruleika. Þetta gæti leitt til dauða allt að þriðjungs allra einstaklinga af sumum fuglategundum.

Í margra augum eru leirur ósasvæða aðeins áhugaverðar flatneskjur sem eru einungis til þess fallnar, að þær séu nýttar í þágu mannsins á einn eða annan hátt. Engu að síður er hér um að ræða einhver auðugustu lífsvæði sem til eru, og þau gefa af sér margfalt meiri uppskeru en bestu landbúnaðarsvæði. Leirur iða af lífi og eiga hundruð þúsunda strandfugla þar allt sitt komið undir ómældu magni snigla, skelja og orma.

Ósasvæði myndast þar sem ferskvatn rennur til sjávar. Ekkert stóru ósasvæðanna er öðru líkt hvað varðar strauma og næringarefni, þótt þau virðast svipuð fljótt á lítið. Þessir umhverfisþættir ráða því hvers konar hryggleysingar þrífast þar og hvaða fuglategundir nýta sér þá til fæðu.

Viðfedmar leirur, sem eru þýðingarmiklar fyrir fugla, eru mest áberandi hlutar óshólmasvæða. Þær eru á kafi um flæði, en þegar fjarar, koma hin auðugu fæðusvæði í ljós. Sumar leirur myndast þannig, að setefni berast til sjávar með ám. Aðrar, t.d. við árnar Thames og

Mersey svo og Morecambe flói, eru myndaðar úr efnum sem sjórinn hefur skolað að landi.

Yfirgripsmiklar fuglatalningar og merkingar hafa sýnt, að um 1½ milljón vaðfugla dvelst í breskum fjörum á veturna, þ.e. um 40% þeirra vaðfugla er gista alla Evrópu að vetrarlagi. Auk þessara vaðfugla, sem koma frá varpstöðvum á Grænlandi, Íslandi, Norður-Evrópu og Síberíu, halda þar til hundruð þúsunda andfugla, s.s. margæsir, rauðhöfðaendur og urtendur.

Hvers vegna eru Bretlandseyjar svo mikilvægar fyrir vað- og andfugla á veturna? Í fyrsta lagi liggja eyjarnar í farleið fugla frá Grænlandi, Íslandi og Síberíu til Vestur-Afríku. Í öðru lagi eru breskir vetur tiltölulega mildir miðað við breiddargráðu landsins. Frosthörkur eru hvorki algengar né langvarandi á meðan aðrir hlutar Evrópu eru snævi- og ísilagðir. Í þriðja lagi hafa óshólmasvæðin upp á gnótt fæðu að bjóða vegna mikils munar flóðs og fjöru við Bretlandseyjar. Fjörur eru aðal kjörlendi flestra vaðfugla og margir þeirra sjást mjög sjaldan annars staðar utan varptímans.

Yfir helmingur þessara hálfu annarrar milljóna vaðfugla hafa vetrarsetu á aðeins tíu mikilvægustu leirusvæðum á Bretlandseyjum. Þetta eru Morecambe

PH	Pálmi Hédinsson, Húsavík.
RH	Ragnar Hermannsson frá Flatey á Skjálfanda, Húsavík.
SG	Sigurður Gunnarsson frá Brettingsstöðum í Flateyjarðal, Akureyri.
SJ	Siguróli Jakobsson, Húsavík.
SK	Sigurjón Kristjánsson frá Naustavík, Húsavík.
SS	Sigríður Sigurbjörnsdóttir frá Vargsnesi, Húsavík.
VJ	Vilhjálmur Jónasson, Síslalæk, Aðaldal, S.-Þing.
PJ	Pórhallur Jónsson, Lóni, Kelduhverfi, N.-Þing.
PM	Þorgrímur Maríusson, Húsavík.
ÆP	Ævar Petersen, Reykjavík.
ÖJ	Örn Jensson, Húsavík.

Aðrar:

- Aðalsteinn P. Karlsson 1977. Óbirt dagbók skipstjóra a/m/b Sæbjörgu PH 55.
- Baldur Sveinsson ódags. Skýrsla um fugla þá, er sézt hafa í Húsavík við Skjálfanda um nokkur undanfarin ár. Óbirt skýrsla. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Benedikt Sveinsson 1903. Óbirt skýrsla um fuglalíf við Húsavík og nágrenni. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Faber, F. 1819. Óbirt dagbók úr Íslandsferðum. Afrit varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Finnur Guðmundsson 1968. Óprentað handrit (frásögn) varðandi rannsóknir á dauðum olfublautum fugli við Mánárþakka á Tjörnesi. Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Hörring, R. 1906. Óbirt dagbók úr Íslandsferð. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1972-1977. Samantektir um fuglatalningar um jólaeytið. Fjölrít. Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍa). Óbirtar fuglatalningaskýrslur 1956-1971.
- Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍb). Spjaldskrá yfir ýmsar fuglaathuganir.
- Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍc). Skrár yfir fuglasöfn.
- Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍd). Spjaldskrá um endurheimta merktu fugla.

SUMMARY

The winter bird fauna of Skjálfandi, N.E. Iceland

An overview is given of the birds that have been observed at sea or along the coast of Skjálfandi (Fig. 1) in winter, defined as the period 1 October - 30 April, and based largely on data obtained since 1980.

Altogether 52 bird species have been recorded in winter, of which 23 can be said to occur regularly. A detailed account is given of each species but Table 6 summarizes the principal species that make up the winter fauna, showing approximate status at different times of the winter.

Species vary as to how common they are throughout the winter. Cormorant and Mallard are found all through the winter. Glaucous Gull, Iceland Gull, and Little Auk are primarily seen in the early part, while Fulmar and Kittiwake are most common during the latter part of winter. Eider and Long-tailed Duck, Great Black-backed Gull and Herring Gull are normally seen throughout winter, but increase in numbers as spring approaches. Brünnich's Guillemot and Razorbill are seen throughout winter, but Common Guillemot are especially common in early winter and then again towards spring.

The Purple Sandpiper is the only species of wader wintering in any numbers.

Some seabirds were collected for food analyses. The results are presented in Table 4. Young stages of gadoids, Herring *Clupea harengus*, Snake Blenny *Lumpenus lumpetæformis*, and polychaetes were the most common food items.

An account is also given of an oiling incidence when the British trawler Kingston Peridot sank on January 26, 1968. Great numbers of seabirds were caught in the resulting oil slick and died. On a three km beach 414 birds of 9 species were found dead (Table 5).

Alcids are hunted in the Skjálfandi area. In winter 1984-85 some 8000 birds were taken. Alcids, Common Guillemot in particular, occur as bycatches in fishing nets, sometimes thousands in nets from a single boat.

Sigurður Gunnarsson, Skálabrekku 1, 640 Húsavík.

Jónbjörn Pálsson, Gardarsbraut 63, 640 Húsavík.

- Árni Waag Hjálmarsson 1982. Vaðfuglar. Bls. 117-148 í Fuglar. Rit Landverndar 8. Reykjavík. 216 bls.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík. 699 bls.
- Björn Sigfússon 1946. Saga Pingeyinga.
- Coburn, F. 1901. Brief notes on an expedition to the north of Iceland in 1899. The Zoologist 4. ser., 5: 401-419.
- Dinesen, G.B. 1926. 10 aars ophold i blandt Nord-islandske fugle. København. 52 bls.
- Finnur Guðmundsson 1940. Fuglanýjungar I. Náttúrufr. 10: 4-34.
- Finnur Guðmundsson 1942. Fuglanýjungar II. Náttúrufr. 12: 161-188.
- Finnur Guðmundsson 1944. Fuglanýjungar III. Náttúrufr. 14: 107-137.
- Finnur Guðmundsson 1964. Íslenzkir varpfuglar. Bls. 367-382 í Fuglar Íslands og Evrópu. Reykjavík. 400 bls.
- Finnur Guðmundsson 1971. Straumendur (*Histrionicus histrionicus*) á Íslandi. Náttúrufr. 41: 1-28, 64-68.
- Gunnlaugur Pétursson 1987. Flækingsfuglar á Íslandi: Máfar. Náttúrufr. 57: 57-79.
- Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1980. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1979. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit. 35 bls.
- Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit. 51 bls.
- Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1983. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981. Bliki 1: 17-39.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1984. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1982. Bliki 3: 15-44.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1985. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983. Bliki 4: 13-39.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1986. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1984. Bliki 5: 19-46.
- Hallgrímur Jónsson 1985. Á slóðum manna og laxa. Akureyri. 206 bls.
- Hantzs, B. 1905. Beitrag zur Kenntnis der Vogelwelt Islands. Berlin. 341 bls.
- Hunnestad, S. 1965. Örninn í Hagafjalli. Ægisútgáfan, Reykjavík. 128 bls.
- Jakob V. Hafstein 1965. Fuglalíf við Laxá [viðtal við Bjartmar Guðmundsson á Sandi]. Bls. 111-119 í Laxá í Aðaldal. Bókautgáfa Menningar-sjóðs, Reykjavík. 156 bls.
- Kristján Lilliendahl 1984. Fæða sjófugla við Ísland. Bliki 3: 54-56.
- Magnús Björnsson 1939. Fuglabók Ferðafélags Íslands. Árbók Ferðafélags Íslands. 216 bls.
- Morgunblaðið 3.12.1958. Svartfuglaveiði stunduð við Skjálfanda.
- Morgunblaðið 30.1.1968. Þúsundir fugla drepast í olíu á Axarfirði.
- Morgunblaðið 31.1.1968. Talið að enskur togari hafi farizt út af Axarfirði með 20 menn.
- Morgunblaðið 14.2.1968. 20-30 þúsund fuglar dauðir við Axarfjörð.
- Ólafur K. Nielsen 1984. Fuglar. Bls. 99-108 í Þór-oddur Þóróddsson (ritstj.): Húsavík. Náttúru-far og minjar. Staðarvalsnæfnd. 167 bls.
- Óskar Stefánsson 1935. Helsingi tekinn á gjöf. Dýraverndarinn 21(1-2): 2-4. (Endurbirt í Úr lífi smálans. Bókautgáfan Skjaldborg, Akur-cyri. 1972).
- Sigurður Stefánsson 1917. Æðarvarp á Íslandi að fornu og nýju. Búnaðarrit 31(1-2): 1-61.
- Sjómælingar Íslands. Sjávarfallatöflur.
- Tíminn 30.1.1968. Mesti fugladauði hér eftir stríð. Olía á Axarfjarðarfjörum.
- Tíminn 31.1.1968. Togarinn fyrst við Mánáreyjar.
- Vísir 30.1.1968. Óhugnanlegur fugladauði nyrðra.
- Vísir 31.1.1968. Viðtæk leit að braki úr Kingston.
- Þjóðviljinn 31.1.1968. Brezkur togari talinn hafa farizt við Grímsey.
- Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. Bls. 15-60 í Fuglar. Rit Landverndar 8. 216 bls.
- Ævar Petersen 1983. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. Bliki 2: 28-42.
- Ævar Petersen 1985. Fuglalíf Mánáreyja. Týli 15: 7-27.

Munnlegar:

- AG Arnþór Garðarsson, Reykjavík.
- AH Aðalsteinn Halldórsson, Húsavík.
- BH Brynjar Halldórsson, starfsmaður ÍSNÓ h/f, Lóni, Kelduhverfi, N.-Ping.
- BJ Björn Jónsson, Laxamýri, Aðaldal, S.-Ping.
- GG Gunnar Guðmundsson frá Flatey á Skjálfa-nda, Húsavík.
- GH Gaukur Hjartarson, Húsavík.
- HA Hermann Aðalsteinsson, Hóli, Tjörnesi, S.-Ping.
- HÁ Hólmgeir Árnason frá Knarrareyri í Flateyjardal, Húsavík.
- HB Heimir Bessason, Húsavík.
- HH Helgi Héðinsson, Húsavík.
- HK Helgi Kristjánsson, Húsavík.
- HM Héðinn Mariússon, Húsavík.
- HR Hermann Ragnarsson, stýrimaður á b/v. Kolbeinsey, Húsavík.
- HeB Hermann Bárðarsson, Húsavík.
- JB Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu, Tjör-nesi, S.-Ping.
- JF Jón Friðbjarnarson, Ísólfstöðum, Tjör-nesi, S.-Ping.
- JH Jón Hermannsson frá Flatey á Skjálfanda, Húsavík.
- JP Jónas Þorsteinsson, Húsavík.
- JBj Jónas Bjarnason, Héðinshöfða, Tjörnesi, S.-Ping.
- KA Kristján Arnarson, Húsavík.
- ÓKN Ólafur K. Nielsen, Reykjavík.
- ÓS Ólafur Sigurpálsson, Húsavík.

og var fugl í öllum netunum, nokkuð jafnt í allri trossunni (Aðalsteinn P. Karlsson 1977).

Það hefur löngum verið þekkt, hvernig fuglar vísa fiskimönnum á veiði. Sjófuglar og fiskar lifa mikið til á sama æti og þar sem fugl er, þar er oft fiskur. Fýlar sitja oft þar sem síldartorfur eru undir. Áður en fiskileitartæki komu til sögunnar var alengt, að „kasta á múkkann“, stundum með góðum árangri. Enn í dag nýta fiskimenn tækifæri sem gefast til að leita fiskjar, þar sem fugl leitar ætis.

Niðurlag

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir 52 fuglategundum, sem sést hafa á og við Skjálfanda að vetri, auk kynblendings æðarfugls og æðarkóns. Algengustu tegundirnar eru liðlega 20 (sjá Töflu 6). Þessar tegundir eru að sjálf-sögðu mjög misjafnlega algengar. Þær tegundir, sem ekki er getið í Töflu 6, eru sjaldgæfar eða þá flækingar.

Hvað einstakar tegundir varðar, þá er fyll mjög áberandi og skiptir þúsundum síðari hluta vetrar. Dýlaskarfar sjást nokkuð allan veturinn, en síðari hluta sumars og á haustin eru þeir stundum töluvert mikið á ferðinni. Stökkönd, æðarfugl og hávella eru hér allan veturinn. Hávellu og æðarfugli fjölga venjulega mjög í apríl. Ritur eru mjög afgerandi síðari hluta vetrar, en hvítmáfar og bjartmáfar eru hér fyrri hluta vetrar. Svartbakar og silfuramáfar eru venjulega áberandi og þeim fjölga þegar nálgast vor og sitja þá oft uppi í varpstöðvum í góðu veðri. Svartfuglar (langvíá, álka og stuttvíá) eru yfirleitt langalgengastir fyrri hluta vetrar, þó einkum langvíá, einnig er oft mjög mikið af þeim undir vor. Haftyrdill sést sjaldan eftir áramót en er venjulega algengur í nóvember, en þó einkum í desember.

Af fjörefuglum er sendlingur eini fuglinn sem kveður að. Hann sést nú oft í talsverðum mæli á haustin og síðari

hluta vetrar, en var hér mun algengari áður fyrr og þá allan veturinn.

Þessi grein gefur vonandi nokkurn fróðleik um fuglalífið á Skjálfanda yfir veturinn. Það væri verðugt verkefni að gera úttekt á einstökum tegundum næstu ár, t.d. hvort samband sé á milli fjölda æðarfugla í jólatalningum og fjölda varppara í æðarvörpum á svæðinu. Einnig væri afar fróðlegt að komast að því, hvaðan sá mikli fjöldi langvíu, sem að jafnaði er í flóanum fyrri hluta vetrar, er ættaður. Umfangsmiklar merkingar gætu gefið vísbendingu um það. Margt fleira mætti telja, t.d. meiri-háttar rannsóknir á fæðu og fæðuvali einstakra tegunda.

Það skal tokið fram, að vandað hefur verið til heimilda. Höfundar þekkja flesta heimildamenn, og marga mjög vel.

ÞAKKIR

Ýmsir hafa verið hjálplegir við öflun upplýsinga, og erum við þeim mjög þakklátir. Sérstakar þakkir viljum við færa Gauki Hjartarsyni, svo og Ævari Petersen, sem hefur hjálpað með margar ómetanlegar upplýsingar, lesið handrit og gert á því lagfæringar, ásamt því að gera athugasemdir og gefa góðar ábendingar. Jóhannes Sigurjónsson, Þröstur Eysteinnsson, Theódór Sigurðsson og Guðrún Blöndal lásu fyrsta uppkast af handriti og lagfærðu. Daniel Guðjónsson reiknaði út flatarmál og rúmtak sjávar í Skjálfanda. Sólveig Sigurðardóttir vélritaði og lagfærði handrit. Þá lánuðu Gunnar Rafn Jónsson og Ríkhartur Ríkhartsson ljósmyndir. Öllum framtöldum færum við bestu þakki fyrir aðstoðina.

HEIMILDIR

Ritaðar:

- Agnar Ingólfsson 1982. Máfar, kjóar og skúmar. Bls. 61-76 í Fuglar. Rit Landverndar 8. Reykjavík. 216 bls.
- Arnþór Garðarsson 1956. Stormmáfur, nýr varpfugl á Íslandi. Náttúrufr. 26: 87-93.
- Arnþór Garðarsson 1979. Skarfatal. Náttúrufr. 49: 126-154.
- Arnþór Garðarsson 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. Bls. 77-116 í Fuglar. Rit Landverndar 8. Reykjavík. 216 bls.

Tafla 6. Fuglategundir sem sjást meira eða minna reglulega á og við Skjálfanda að vetrarlagi.
– *Bird species seen more or less regularly at sea or along the coast of Skjálfandi bay in winter.*

Tákni/codes: M = mjög algengur / *very common*, F = frekar algengur / *quite common*, A = algengur / *common*, S = sjaldgæfur / *rare*, L = mjög sjaldgæfur / *very rare*, + = verpur við eða í nágrenni Skjálfanda / *breeds in the area or the near vicinity*, – = verpur ekki á svæðinu eða í grennd / *does not breed in Skjálfandi or in the neighbourhood*.

Tegund/ Species	Haust/ Autumn	Nóv.–Des.	Jan.–Feb.	Mars–Apr.	Varpfugl eða ekki/ Breeding or not
Dilaskarfur <u>Phalacrocorax carbo</u>	M	A	A	A	+ ¹⁾
Súla <u>Sula bassana</u>	L	L	L	A	–
Fýll <u>Fulmarus glacialis</u>	S	S	A	M	+
Stökkönd <u>Anas platyrhynchos</u>	A	A	A	A	+
Æður <u>Somateria mollissima</u>	M	M	M	M	+
Hávella <u>Clangula hyemalis</u>	A	A	A	M	+
Straumönd <u>Histrionicus histrionicus</u>	A	A	A	A	+
Gulönd <u>Mergus merganser</u>	S	S	S	S	+
Toppönd <u>Mergus serrator</u>	A	A	A	A	+
Svartbakur <u>Larus marinus</u>	M	M	M	M	+
Hvítmáfur <u>Larus hyperboreus</u>	F	A	A	S	–
Silfurmáfur <u>Larus argentatus</u>	A	A	A	A	+
Þjartmáfur <u>Larus glaucoideus</u>	F	M	A	L	–
Rita <u>Rissa tridactyla</u>	A	A	M	M	+
Hettumáfur <u>Larus ridibundus</u>	M	A	A	A	+
Sendlingur <u>Calidris maritima</u>	M	A	A	A	+
Tjöldur <u>Haematopus ostralegus</u>	L	L	L	A	+
Langvía <u>Uria aalge</u>	S	M	A	M	+
Stuttvía <u>Uria lomvia</u>	S	A	A	A	+ ²⁾
Álka <u>Alca torda</u>	S	A	F	F	+
Teista <u>Cephus grylle</u>	A	F	F	A	+
Lundi <u>Fratercula arctica</u>	L	L	L	A	+
Haftyrðill <u>Alle alle</u>	L	A	F	L	–

1) Verpur aðeins á einum stað. – Only a single breeding colony.

2) Algeng aðeins djúpt í Skjálfanda. – Common only far out at sea.

Fyrri hluta vetrar hafa svartfuglar, einkum langvíur, átt það til að koma í þorskanet, jafnvel þúsundum saman. Hefur sá fugl verið nýttur til manneldis og þykir ekki gefa öðrum fugli eftir að gæðum svo orð sé á gerandi. Undir vor koma einnig stöku sinnum fáeinir svartfuglar í net. Það er helst langvía, þótt engar tölur yfir athuganir á afla hafi verið skráðar. Í fáein skipti, sem langvíur

hafa komið í þorskanet, nokkrir tugir eða hundruð, hafa hringvíur verið nálægt 10% aflans. Svartfuglar hafa fengist í þorskanet allt niður á 100 faðma dýpi. Þann 17. janúar 1977 um hádegisbil var lögð þorskanetatrossa við vesturlandið í Skjálfanda, á 70–108 faðma dýpi. Enginn svartfugl var í námunda þegar trossan var lögð. Daginn eftir var svo trossan dregin, með 400 svartfuglum (langvíu)

Mánárbakka á Tjörnesi gefur upplýsingar um dreifingu sjófuglategunda (annarra en máfa og fýls) á þessum tíma á svæðinu norður af Skjálfanda, Tjörnesi og Öxarfirði.

Þann 26. janúar 1968 fórst togarinn Kingston Peridot H 591 frá Hull einhvers staðar norður af Mánáreyjum í norðan aftakaveðri (Vísir 31.1.1968, Tíminn 31.1.1968, Þjóðviljinn 31.1.1968).

Tveim dögum síðar, eða 28. janúar, tók olíublauta sjófugla að reka á land á Tjörnesi, og fjölgaði þeim mjög næstu daga (Finnur Guðmundsson 1968). Á svæðinu frá Rauðanúpi og vestur á Skjálfanda rak mikið af olíublautum fugli. Talið er, að sem afleiðing þessa slyss, hafi 20-30 þúsund sjófuglar farist (Mbl. 14.2.1968). Þetta olíuslys er tvímælalaust það mesta hér við land síðan á stríðsárunum (Vísir 30.1.1968, Tíminn 30.1.1968).

Á þriggja km kafla við Mánárbakka taldi Finnur Guðmundsson þá fugla sem voru ennþá 9. febrúar, hálfum mánuði eftir slysið. Í Töflu 5 er yfirlit um þá fugla sem fundust.

Áberandi mikið af þeim fuglum sem fórust í slysi þessu voru stuttvíur, sem gæti bent til, að slysið hafi skeð nokkuð langt frá landi (Finnur Guðmundsson 1968).

Nytjar og önnur gagnsemi

Nytjar af fugli á og við Skjálfanda að vetrarlagi eru eingöngu af svartfugli, og þá helst langvíu, sem er og hefur löngum verið allmikið veidd.

Fyrir á árum var svartfugl töluvert veiddur af Tjörnesingum. Var fuglinn reittur, sviðinn og þækilsaltaður og þótti góð búbót. Eftir síðari heimsstyrjöld var þessum veiðum að mestu hætt en líklega er meira veitt nú af svartfugli frá Húsa-vík en áður (AH). Áður fyrir munu teistuveiðar að hausti og fyrri hluta vetrar eitthvað hafa verið stundaðar á Tjörnesi en er nú aflagðar (JB).

Veiðar á svartfugli til tekjuöflunar

Tafla 5. Tegundir og fjöldi fugla sem lent höfðu í olíu og fundust dauðir á 3ja km strandlengju við Mánárbakka á Tjörnesi 9. febrúar 1968. – *Bird species and their numbers found oiled and beached along a 3 km stretch of beach near Mánárbakki, Tjörnes peninsula, 9 February 1968.*

Tegund/ Species	Fjöldi/ Number
Fýll <u>Fulmarus glacialis</u>	2
Hávella <u>Clangula hyemalis</u>	12
Æðarfugl <u>Somateria mollissima</u>	20
Álka <u>Alca torda</u>	5
Haftyrðill <u>Alle alle</u>	41
Langvía <u>Uria aalge</u>	49
Stuttvía <u>Uria lomvia</u>	216
Teista <u>Cephus grylle</u>	1
Lundi <u>Fratercula arctica</u>	52
Ógreindir svartfuglar <u>Uria</u> teg./sp.	16

Fuglar samtals. – Total no. of birds. 414

Heimild. – Source: Finnur Guðmundsson (1968).

munu hafa byrjað að einhverju marki á 6. áratugnum. Í blaðafregn frá þeim tíma (Morgunblaðið 3.12.1958) segir frá því að frá hausti fram í desemberbyrjun hafi um 8 þúsund svartfuglar verið veiddir og slíkar veiðar sé ný atvinnugrein.

Í seinni tíð hafa einstaka menn haft nokkra atvinnu af svartfuglaveiðum, en fyrst og fremst er litið á veiðarnar sem búbót fyrir heimili viðkomandi veiðimanna. Fjöldi veiddra svartfugla virðist vera svipaður nú og var fyrir 30 árum. Veturinn 1984-85 voru veiddir allt að 8000 fuglar á flóanum og á sama tíma 1985-86 var svipuð veiði, en frá hausti til áramóta 1986-87 var veiði varla yfir 200 fuglar. Bæði var þá aftaka ótíð til veiða, svo og eindæma átuleysi og sáralítið af fugli. Veiðitími er fyrst og fremst í nóvember og lýkur í endaðan janúar.

Tafla 4. Athugun á fæðu nokkurra fuglategunda á Skjálfanda tímabilið frá október 1985 til janúar 1986 (34 fuglar), að viðbættum upplýsingum um fæðu ritu á tímabilinu frá desember 1984 til febrúar 1985 (13 fuglar). Tölurnar tákna tíðni (%) fæðu í maga og fóarni. – *The food of several winter bird species from Skjálfandi, collected between October 1985 and January 1986 (34 birds) and December 1984 – February 1985 (13 birds). Results presented as the proportion (%) of all birds of same species in which a given food item was found in proventriculus and gizzard.*

Fuglategund/Bird species	Lómur <u>Gavia</u> <u>stellata</u>	Hávella <u>Clangula</u> <u>hyemalis</u>	Svarlbakur <u>Larus</u> <u>marinus</u>	Rita <u>Rissa</u> <u>tridactyla</u>	Álka <u>Alca</u> <u>torda</u>	Langvía <u>Uria</u> <u>aalge</u>	Stuttnefja <u>Uria</u> <u>lomvia</u>	Teista <u>Cepphus</u> <u>grylle</u>	Lundi <u>Frotercula</u> <u>arctica</u>
Fjöldi fugla/Sample size	2	3	2	20	6	7	3	3	1
Þorskfiskaseiði/ juv. Gadidae	50	0	100	0	0	0	0	0	0
Stóri mjóni/ <u>Lumpenus lampretaeformis</u>	50	0	0	40	33	0	33	0	0
Smásild/ <u>Clupea harengus</u>	0	0	0	20	17	71	100	0	0
Sandsill/ <u>Ammodytes</u> sp.	50	0	0	5	33	29	0	0	100
Loðnuseiði/ <u>Mallotus villosus</u>	0	0	0	0	33	0	33	0	100
Flatfiskar/ Pleuronectidae	0	0	0	10	0	0	0	0	0
Marflær/ Amphipoda	0	67	0	5	0	0	33	100	100
Þanglýs/ Isopoda	0	33	0	0	0	0	0	100	0
Ljósáta/ Euphausiacea	0	0	0	0	67	0	0	0	0
Rækjur/ <u>Pandalus borealis</u>	0	0	0	0	17	0	0	0	0
Pilornar/ Chaetognatha	0	0	0	5	0	0	0	0	0
Parastrútur/ <u>Locuna divaricata</u>	0	33	0	0	0	0	0	100	0
Kræklingur/ <u>Mytilus edulis</u>	0	33	0	0	0	0	0	0	0
Burstaormar/ Polychaeta	0	0	0	10	33	0	33	0	100
Beita af línu/ Boit	0	0	0	15	0	0	0	0	0
Óþekktar fiskleifar/ Unknown fish remains	0	0	0	10	0	0	0	0	0

sem plastflísar og nælonspottar, en einnig goggar af kolkröbbum. Í einum fundust litlar kvarnir, sennilega loðnukvarnir. Í þessum eina hettumáfi voru leifar af þorskfiskaseiðum og smásild.

Kingston Peridot slysið

Hér verður getið um sjóslys, sem olli miklum fugladauða á Skjálfanda og hafsvæðunum þar í námunda. Talning dauðra fugla á um 3 km strandlengju við

mars, en aðalveiðin er yfirleitt í apríl. Grásleppu slægja sjómenn úti á sjó og hirða aðeins hrognin. Fýll, máfar og æðarfugl sækja mikið í úrganginn. Hrygningsþorskur *Gadus morhua* byrjar að ganga í febrúarlok og eru veiðar þá stundaðar fram í maí, að hrygningu líkur. Göngur ýsu *Melanogrammus aeglefinus* eru sjaldan að ráði til hrygningar, en þá helst seint í apríl. Þorskur og annar bolfiskur er yfirleitt slægður í landi, en slóg og annar úrgangur berst með skolvatni til sjávar, þar sem máfar, hávellur og æðarfugl sitja að krásunum.

Rækja *Pandalus borealis* hefur verið mikið veidd hin síðari ár. Frá fiskverkunarstöðvum á Húsavík fellur að öllu jöfnu nokkuð til af úrgangi í sjó, einkum frá rækjuvinnslu. Frá henni koma um 1000 tonn af úrgangi á ári, en allur úrgangur frá rækjuvinnslunni á Húsavík fellur í sjó rétt utan hafnarinnar. Í þennan úrgang sækja máfar, en þó einkum æðarfugl, einnig hávella og stokkönd. Í mars 1985 sótti mjög mikið af æðarfugli í rækjuúrganginn. Þar voru allt að 3000 fuglar daglega. Þessir fuglar voru allir horfnir að morgni 1. apríl, en þá var loðna gengin í flóann.

Á Húsavíkurhöfn eru að jafnaði yfir veturinn, og stundum fram á vor, 20-40 æðarfuglar, sem virðast lifa fyrst og fremst á úrgangi, sem fellur fyrir borð með þvottavatni af fiskibátum.

Veturinn 1982-83 fóru fram athuganir á fæðuvali langvíu, stuttvíu og álku, veiddum á Skjálfanda í desember og febrúar. Sjókuldi var mikill á yfirborði flóans þennan vetur, eða -1° til -2°C (HR). Í desember var fæða langvíu og álku aðallega loðnuseiði, en töluvert var af smásíld í sumum fuglanna og krabbadýr í nokkrum mæli. Loðnuseiði var aðalfæða langvíu í lok febrúar, en stuttvúr átu krabbadýr (Kristján Lilliendahl 1984).

Til að athuga fæðu sjófugla á Skjálfanda að vetrarlagi voru skotnir nokkrir fuglar á tímabilinu október 1985 til jan-

úar 1986. Innihald fuglsmaganna var kannað, og eru fæðuleifar sem fundust tíundaðar í meðfylgjandi töflu (Tafla 4), ásamt fæðuleifum sem fundust í mögum rita, er skotnar voru á sömu slóðum á tímanum desember 1984 til febrúar 1985. Taflan sýnir fjölda þeirra fugla er athugaðir voru og, í hundraðshlutum, fjölda fugla af hverri tegund sem viðkomandi fæðutegund fannst í.

Mest var skotið af ritum, eða 20 fuglar. Fæða ritunnar reyndist fyrst og fremst ýmsar fisktegundir, og var hlutur þorskfiskaseiða þar áberandi stærstur, því 19 af 20 fuglum höfðu leifar þeirra í maga. Í desember 1986 voru tvær ritur til viðbótar skotnar og fæðuleifar í maga athugaðar. Reyndust báðar hafa étíð þorskseiði og síli *Ammodytes*.

Fæða álku reyndist nokkuð fjölbreytt, en þorskfiskaseiði og ljósáta voru algengastu fæðutegundirnar. Auk þess fundust ýmsar aðrar fisktegundir, t.d. stóri mjóni *Lumpenus lampretaeformis*, síli og loðnuseiði.

Fæða langvíu virtist mun einhæfari en álku, því í langvíu fundust eingöngu smásíld og síli. Hinsvegar svipaði fæðuleifum í þeim þrem stuttvímum sem athugaðar voru nokkuð til þess sem fannst í álku.

Fæða teistu og hávellu reyndist nær því eins, í báðum tegundum fundust marflær, þanglýt og þarastrútur *Lacuna divaricata*, en kræklingur *Mytilus edulis* fannst einungis í hávellu. Virðast þessar tvær tegundir fugla sækja sína fæðu á grunnslóð á þeim árstíma sem hér um ræðir.

Af öðrum tegundum voru einungis athugaðir einn eða tveir fuglar og er vísað til Töflu 5 varðandi fæðuna sem í þeim fannst.

Auk þess sem hér hefur verið upp talið, voru þrír fýlar og einn hettumáfur skotnir á Skjálfanda í desember 1986 og fæða í maga þeirra athuguð. Í fýlunum reyndust engar fæðuleifar í maga, heldur ýmskonar ómeltanlegir hlutir, svo

Stelkur *Tringa totanus* hefur sést einu sinni í jólatalningu, þrír fuglar 26. desember 1960 í Bakkafjöru, en annars er hann óþekktur við Skjálfanda að vetrarlagi. Venjulega eru síðustu stelkarnir horfnir í byrjun október, en fyrstu fuglar sjást svo í góðri tíð snemma í apríl.

Þórshani *Phalaropus fulicarius*. Einn fugl sást í straumröst 1,5 sjóm. suðvestur af Lundey 21. október 1987. Var hann að tína æti þarna ásamt máfum.

Ískjóí *Stercorarius pomarinus*. Í dýrafæðisafninu í Kaupmannahöfn eru fjórir ískjóar frá Skjálfanda að vetrarlagi frá árunum 1909-1912 og safnað var á tíma-bilinu 13. október til 8. nóvember. Einn fugl náðist við Sílalæk í nóvemberbyrjun 1949 (Níc). Þann 12. nóvember 1985 náðist ungfugl á Skjálfanda. Í sama mánuði, saúst „kjóar“, líklega ískjóar, í flóanum í a.m.k. 10 skipti, þar af tvisvar ljósir fuglar. Í a.m.k. þrjú skipti voru þeir að elta ritur. Síðastur þessara fugla (ungfugl) sást 8. desember (HH, PH). Haustið 1987 saúst óvenju margir ískjóar. Tveir fullorðnir fuglar og tveir ungir saúst 1. október þrjár sjóm. NV af Húsavíkurhöfða, og 11. s.m. saúst 12 ískjóar sex sjóm. NV af sama höfða.

Ísmáfur *Pagophila eburnea*. Alls hafa ísmáfar sést í 15-16 skipti við Skjálfanda (Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1983, Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1984, 1985, 1986, Gunnlaugur Pétursson 1987). Sá fyrsti náðist á Húsavík 16. desember 1908 (Dinesen 1926) og annar 8. nóvember 1911. Frá 1981 hafa þeir verið árlegir gestir.

Stormmáfur *Larus canus* er nýr landnemi. Fannst fyrst verpandi hér á landi 1955 (Arnpór Garðarsson 1956). Þeir eru sjaldgæfir að vetri við Skjálfanda og sjást helst við Húsavík, 1-2 fuglar, einkum á haustin og fyrri hluta vetrar. Hafa

jafnvel dvalið allan veturinn við Húsavík. Fyrsti stormmáfur, sem um er getið á Skjálfanda, náðist 13. október 1908, og framtil 1910 náðust sex til viðbótar í námunda við Húsavík (Níc).

Hringmáfur *Larus delawarensis*. Þann 24. október 1985 var einn fullorðinn fugl við Húsavíkurhöfn. Næstu sex daga sást þessi fugl í a.m.k. fjögur skipti og þá sitjandi á höfninni, ásamt öðrum máfum.

Dvergmáfur *Larus minutus*. Einn fugl náðist við Húsavík 11. október 1908 (Dinesen 1926), og var það sá fyrsti sinnar tegundar sem fannst á Íslandi (Gunnlaugur Pétursson 1987).

Fæða, lífsafkoma og fæðuval

Því miður vantar upplýsingar um lífið í sjónum í Skjálfanda að vetri. Víst er þó, að alloft er afkoma fuglanna nokkuð góð. Flesta vetur virðist vera fyrir hendi umtalsvert magn af árgamalli síld *Clupea harengus*. Loðnan gengur venjulega til hrygningar síðari hluta mars eða fyrstu daga apríl. Loðnugöngum fylgir mikið af fugli, æðarfugli, svartfugli, máfum og fyl, stundum einnig súla og jafnvel hávellur en í minna mæli en fyrrgreindir fuglar. Venjulega er loðna að mestu horfin viku af maí, þó nokkuð sé það breytilegt. Það sem hér er að framman sagt, er í reynd mjög miklum breytingum háð og ætisdöngur afar mismiklar. Sem dæmi má nefna, að loðnugöngur voru mjög miklar 1984 og 1985, en 1986 varð tæplega vart við loðnu. Sömu vetur var mjög mikið af smásíld á ferðinni, en nú þegar þetta er ritað (rétt eftir áramót 1986-87) hefur smásíldar ekki orðið vart, enda fuglalíf í samræmi við það, þ.e. lítið af máfum og svartfugl nær enginn.

Rauðmági *Cyclopterus lumpus* byrjar venjulega að veiðast í febrúar. Þá er lítil veiði en eykst þegar líður á og veiði oft góð í mars. Grásleppuveiðar hefjast 10.

varps á þessum stað og hefur það eftir Laxamýrarmönnum 11. ágúst 1906, að ernir hafi verpt í drangnum Össur við Ærvíkurbjarg um 1875. Á sama tíma sögðu þeir honum, að á Skjálfanda-svæðinu verpi ernir einungis við Hauga, sem eru utarlega við vestanverðan Skjálfanda. Það er líklega sami staður og Jakob V. Hafstein (1965) hefur eftir Bjartmari Guðmundssyni á Sandi, sem segir erni hafa seinast verpt norðarlega í Víknafjöllum um 1875. Gamla heimildir herma, að arnarhjón hafi verpt í Há-göngum, innan Flateyjarðals, jafnvel allt framundir síðustu aldamót (Baldur Sveinsson ódags., Benedikt Sveinsson 1903). Það er væntanlega einnig sami staður. Í Arnarbæli, norðan Skálavíkur í Víknafjöllum, er talið að örn hafi verpt endur fyrir löngu (SS).

Til er rituð heimild, líklega frá því rétt eftir aldamótin 1900, en þar segir:

„Fyrir æðimörgum árum fundu Flateyjar-merkilega flækju á Skjálfanda. Það var einn selkópur og tveir ernir – allt dautt. Hafði annar örninn fyrst læst klónni í kópinn og hann þá líklega legið uppi, en síðan farið fram í sjó. Hefir þá hinn fuglinn komið til hjálpar, en óvart læst klónni í augað á þeim erninum sem fyrir var. Drapst þannig allt saman, því að engin tök hafa verið að losna“ (Baldur Sveinsson ódags.).

Í Noregi er kunn saga af erni, sem sást læsa klóm í selkóp. Kópurinn stakk sér og dró örninn með sér á kaf. Klær arnarsins eru þannig, að þær læsast fastar í þunga byrði og getur fuglinn ekki losað sig við hana á flugi (Hunnestad 1960).

Það sem ritað er hér að framan um viðureign arna við selkóp sýnist c.t.v. ekki trúverðugt, en í bók sinni Fuglarnir, segir Bjarni Sæmundsson (1936): „[Örninn] ræðst jafnvel á selkópa, þegar hann kemst í færi við þá“ (bls. 286).

Fyrir síðustu aldamót sá fólk á Hóli á Tjörnesi örn með þunga byrði. Honum

dapraðist flugið og settist. Losnaði þá um byrðina sem var stór nýveiddur lax (JB). Á Flateyjarðal voru ungir ernir velþekktir á fyrstu árum aldarinnar, sáust þar alloft og héldu þar til stundum, allt fram undir 1915 (SG).

Blesshæna *Fulica atra* hefur sést í jólatalningu, einn fugl á Húsavíkurhöfn 28. desember 1969. Svo var það 16. apríl 1984, að einn fugl var á sama stað. Fjórum dögum seinna voru þeir orðnir tveir og héldu til á höfninni allt til 11. maí. Sama sumar sáust tveir fuglar á Víkingavatni í Kelduhverfi (ÖKN, HeB). Ef til vill hafa það verið sömu fuglar og sáust áður við Húsavík.

Vepja *Vanellus vanellus* er nokkuð velþekktur flækingur í fjöru að vetri. Á árunum 1940-1942 voru vepjur t.d. á Sandi í Aðaldal, við Húsavík, á Tjörnesi og í Þorgeirsfirði, vestan Flateyjarðals. Flestir þessir fuglar sáust frá október og fram í mars. Vepjur sáust líka í Flatey (GG, HÁ) og í Tungufjöru á Tjörnesi voru 9 fuglar eitt sinn síðari hluta vetrar, og dvöldu þær fram yfir miðjan maí (JB, Finnur Guðmundsson 1940, 1942, 1944). Vepja sást síðast við Húsavík dagana 26.-30. janúar 1984.

Tjaldur *Haematopus ostralegus* hefur sést tvisvar í jólatalningu, einn 1958 og þrír 1959. Annars sjást tjaldar yfirleitt ekki fyrir en í febrúarlok – byrjun mars og fjölgar þá upp úr því. Tjaldurinn var þekktur við Skjálfanda í upphafi aldarinnar (Dinesen 1926), og var örugglega byrjaður að verpa við Héðinshöfða 1940 (JBj). Verpir hann nú víða í fjörum, og mætti giska á allt að 40 pör við flóann (GH).

Fjöruspói *Numenius arquata*. Um mánadámót apríl-maí 1940 héldu fjórir til í nágrenni við Sand í Aðaldal (Finnur Guðmundsson 1942). Einn sást í Tungufjöru á Tjörnesi í mars 1961 (JB).

Skutulönd *Aythya ferina*. Einn karlfugl sást á Húsavíkurhöfn í jólatalningu 1977.

Hvinönd *Bucephala clangula* sást í jólatalningu 1978, einn karlfugl, og eitt par rétt ofan við Laxárós 1979 (Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1980). Við Lynghöfða sást svo einn karlfugl 10. desember 1985 (GH).

Húsönd *Bucephala islandica* hefur sést á Húsavíkurhöfn a.m.k. tvisvar, tveir fuglar í hvort skipti, í vonsku veðri. Tvö pör sáust í jólatalningu 1978, rétt ofan við Laxárós. Þann 19. desember 1985 var eitt húsandarpar við Lynghöfða (HeB, GH). Svo var einn karlfugl við Bakkafjöru 30. desember 1983 (ÖJ), og á sama stað sást einn karlfugl í jólatalningu 1986.

Hrafnsönd *Melanitta nigra* sást í fyrsta sinni í jólatalningu 1985 tvö pör, annað við Voladalstorfu og hitt norðan til í Barmi. Þar sáust svo í jólatalningu 1986 tveir karlfuglar og einn kvenfugl. Fimm karlfuglar sáust við Lynghöfða 18. janúar 1976 (AG). Einn karlfugl sást við Ærvíkurhöfða í janúar 1979 og svo kvenfugl við Lynghöfða í febrúar 1985 (ÓKN). Við Ærvíkurhöfða sáust 10 fuglar 8. október 1985, en viku seinna (15. október) voru þar 2 ungfuglar (GH). Við Lynghöfða voru svo 4 karlfuglar 24. nóvember 1985.

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* er líklega nokkuð árviss á Skjálfanda að vetri. Nokkuð er hans getið við ströndina næst Húsavík í byrjun aldarinnar (Dinesen 1926). Æðarkóngar hafa sést hin síðari ár, t.d. 1985 a.m.k. 6 skipti, alls 9 fuglar, þar af einn kvenfugl (GH). Í hrognkelsanet hafa fengist, sem vitað er um, 3 karlfuglar og 6 kvenfuglar (HH, HK). Karlfuglar eru vel þekktir í æðarvarpi á Laxamáryri og í Flatey, þar

sem einn var paraður æðarkollu á hreiðri árið 1983.

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns sást við Flatey 4. júní 1980 (Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1983). Annar, líka karlfugl, hélt til við Ærvíkurhöfða 7.-13. maí 1982 (GH, HeB).

Haförn *Haliaeetus albicilla*. Haustið 1983 hélt ungur örn til á Tjörnesi. Hann sást fyrst um miðjan október (SJ) og síðast upp úr áramótum (KA). Þessi fugl sást hjá Héðinshöfða í jólatalningu.

Heimildir um erni eru nokkrar frá Skjálfandasvæðinu, en flestar þó mjög gamlar og misjafnlega ábyggilegar, að því ætla verður. Til er munnmælasaga úr Kelduhverfi frá því Kristján Fjalla-skáld var drenginnokki (fyrir 1850) í Krossdal. Drengurinn svaf í baðstofu en vaknaði og komst óséður út. Var hans leitað og fannst þá skammt frá bænum, þar sem hann labbaði á eftir stórum erni. Heyrðist Kristján þá tala til arnarins og segja: „Ekki að taka mig assa mín“.

Svo virðist sem fólk hafi lengi hræðst örninn, þar sem hann var grunaður um að hafa rænt ungbörnum. Ein kunnasta saga þess efnis er frá Noregi. Örn átti að hafa tekið 3ja ára og 8 mánaða gamla stúlku, Svanhild Hansen, á Hvalei í norska skerjagarðinum 5. júní 1932 og flogið með hana um 1,6 km vegalengd uppá syllu í 250 m hæð, um 20 m neðan við arnarhreiðrið. Þaðan var svo stúlkuinni bjargað sjö klukkustundum síðar. Eftir að Svanhild hafði verið bjargað, var hún vegin og reyndist vera 19 kg að þyngd (Hunnestad 1965). Flestar sögur af þessu tagi hafa verið véfengnar og ekki þótt við rök að styðjast.

Ernir verptu til forna í klettadrangi, sem heitir Össur og skagar upp undir Ærvíkurbjargi (Hallgrímur Jónsson 1985). Í dagbók sinni 9. september 1819 segir Faber erni verpi í Össur annað hvert ár. Hörring (dagbók) getur líka

veiða snjóttittlinga og sendlinga (SJ, JB). Seint í nóvember 1984 var smyrill að elta snjóttittling um 1,5 sjómílu norð-vestur af Ærvíkurhöfða, þar sem sá síð-arnefndi leitaði skjóls um borð í báti (HH).

Sjaldgæfir vetrarfuglar og flækingar

Himbrimi *Gavia immer*. Þrír fuglar sá-ust í jólatalningu við Ærvíkurhöfða 1984. Annars eru himbrimar afar sjald-gæfir á Skjálfanda á veturna. Einn ung-fugl sást í nóvember 1983. Fyrir nokkr-um áratugum var einn skotinn og annar séður í nóvember (HM). Undir vor er ekki óalgengt að sjá himbrima, og kom-ið hafa þeir í grásleppunet, t.d. við Flat-ey (GG).

Lómur *Gavia stellata* mun líklega halda til á Skjálfanda flesta eða alla vetur, en eru sjaldséðir og þá helst við flóabotn-inn. Meðan búið var í Flatey, sáust þeir helst á haustin (GG). Lómur hefur sést þrisvar í jólatalningu, 1957, 1967 og 1968. Lómar sáust óvenju oft veturinn 1985-86 og einn sást í nóvember 1986.

Sefgoði *Podiceps grisegena*. Einn fugl sást við Ærvíkurhöfða 2. janúar 1983 (Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólaf-son 1985).

Gráhegri *Ardea cinerea*. Þann 6. októ-ber 1939 voru tveir ungfuglar í fjöru við Húsavík. Þeir héldu til á Bakkafjöru í nokkra daga (Finnur Guðmundsson 1940). Við Húsavíkurhöfn hélt einn fugl til í nokkra daga í október 1967 (JB). Fleiri gráhegrar hafa sést við ár og læki inn til sveita, t.d. í Aðaldal.

Álft *Cygnus cygnus*. Þann 6. mars 1986 sáust 5 áltfir (þar með 3 unga) á flugi inn með vesturlandinu, um 1 sjómílu norðaustur af Vargsnesi. Þessar áltfir komu með stefnu frá Flateyjardal og flugu sem næst í átt til Laxáróss. Þ. 13.

mars 1987 var eitt álfthapar við vestur-landið, skammt norðan við Fiskisker.

Grágæs *Anser anser*. Það var 13. desem-ber 1985, sem tveir menn komu til Flat-eyjar. Þar urðu fyrir þeim tveir allstórir grágæsaþópar, líklega á að giska 100 fuglar. Þessar gæsir virtust hafa verið þarna í cynni um tíma og færðu sig lítið eitt, þegar þeir voru styggðir upp (ÓS, JH). Þessi vetur var óvenju mildur svo líklegt er, að þessar gæsir hafi orðið seinar fyrir, enda höfðu þær haft nægi-legt æti í eyjunni. Rétt er að ítreka, að báðir athugendur eru þaukunnir grá-gæsum, svo engin efi er um greining-una. Grágæsir eru óþekktar í önnur skipti við Skjálfandaflóa að vetri.

Helsingi *Branta leucopsis*. Snemma á jólaðöstu árið 1932 var Óskar Stefánsson á Héðinshöfða staddur við beitarhús við sjó, austan við höfða þann sem bærinn dregur nafn sitt af. Kom þá til hans helsingi fljúgandi af hafi, eltur af tveim-ur fálkum. Helsinginn var særður á höfði og brjósti. Í fimm vikur var hann í „fóstri“ á Héðinshöfða. Þegar hann var gróinn sára sinna og kominn í góð hold, kaus hann frelsið og flaug brott (Óskar Stefánsson 1935).

Gargönd *Anas strepera*. Einn karlfugl sást öðru hverju á Búðará og á Húsavík-urhöfn fyrrihluta vetrar 1986-87, m.a. í jólatalningu. Fyrir nokkrum árum, eftir 1980, dvaldi einn kvenfugl allengi síðari hluta vetrar með stökköndum á Búðará. Hún var gæf, gekk í æti og hlýddi kalli (JP).

Skúfönd *Aythya fuligula*. Tveir fuglar voru á Húsavíkurhöfn 4. nóvember 1986. Þann 14. s.m. náðist annar fuglinn (ungur kvenfugl) en hinn, sem sýndist vera ungur karlfugl, hélt til á höfninni, en sást stöku sinnum á Búðará. Hann sást í jólatalningu 1986.



1. mynd. Leirur eru mikilvægir fæðu- og hvíldarstaðir fyrir milljónir fugla. Þeir deila leirum með mannum sem notar þessi svæði til ýmissa frístundaiðkana, t.d. siglinga. Ljós. Eric og David Hosking.

flói, Wash, Solway, Dee, Severn, Thames, Humber, Strangford Lough, Firth of Forth og höfnin í Chichester-Langstone.

Breska náttúruverndarráðið (Nature Conservancy Council), sem rekið er af ríkinu, leggur áherslu á mikilvægi þessara staða og hefur tilnefnt þá sem „Sites of Special Scientific Interest“ (SSSI), þ.e. staði sem hafa sérstakt vísindalegt mikilvægi. Þessir staðir hafa einnig mikla alþjóðlega þýðingu, og er fyllilega réttlætanlegt að margir þeirra séu skráðir í alþjóðasáttmálum, s.s. Ramsar-sáttmálanum, sem fjallar um verndun votlendissvæða með alþjóðlegt gildi, og sáttmála Evrópubandalagsríkjanna um verndun villtra fugla. Þessar alþjóðasamþykktir gera kröfu til breskra yfirvalda um verndun þessara staða.

Fólk álítur oft að verndun staða sé borgið, ef þeir hafa verið skráðir á lista með alþjóðlegum sáttmálum. Því miður

er ekki svo. Óshólmavæði á Bretlands-eyjum eru í meiri hættu nú en nokkru sinni fyrr.

Sjávarfallastíflur

Í mörg ár hefur verið talað um byggingu sjávarfallastíflna til að framleiða raforku. Eftir Chernobyl-slysið í maí 1986 hefur umræða um framleiðslu á raforku án mengunar fengið byr undir báða vængi. Ríkið hefur t.d. styrkt athugun á byggingu stíflu þvert yfir Severn óshólmavæðið, og er ætlunin að beina vatninu um lokur að hverflum til raforkuframleiðslu. Í besta falli gæti þetta mannvirki fullnægt 6% af áætlaðri orkuþörf Bretlands a.m.k. næstu 100 ár. Þar eð kostnaðurinn yrði yfir 6,500 milljónir punda [jafnvirði um 400 milljarða íslenskra króna], yrði áætlunin einnig dýrari en aðrar lausnir á raforkumálum. Þessu fylgja einnig hagnýt og vistfræðileg vandamál. Í fyrsta lagi safn-

ast set við stíflurnar og getur það valdið stöðugum erfiðleikum í lokum og hverflum. Í öðru lagi munu 55,000 vaðfuglar á Severn óshólmavæðinu, sem er ein af tíu mikilvægustu leirum Bretlands, glata fæðusvæðum sínum.

Áætlanir um stíflugerð eru einnig í bígerð á Mersey-óshólmavæðinu (þar sem rannsóknir eru þegar hafnar), svo og í Solway og Morecambe flóa. Sambærileg áform hafa verið mun lengur uppi í Strangford Lough á Norður-Írlandi. Sé áætlunum þessum hrundið í framkvæmd, munu 250,000 vaðfuglar til viðbótar vera í hættu. Fyrri tíma áætlanir um að nota Morecambe flóa, Dee og Wash ósasvæðin til vatnsmiðlunar eru enn yfirvofandi. Verði þær að veruleika, munu þær spilla þeim friðlýstu svæðum sem eru í eigu RSPB á þessum stöðum.

Hafnaframkvæmdir

Stórfelldar áætlanir um stækkun hafna hafa í för með sér vandamál. Í nóvember 1984 kom fram frumvarp í þinginu um stækkun hafnarinnar í Felixstowe við Orwell ána í Suffolk, en svæði þetta hefur alþjóðlega þýðingu. Framkvæmdaaðilar ætluðu að nota 7% óshólmavæðisins, en einmitt þann hluti þess sem stendur einna hæst og er uppúr hvað lengst á fjöru. Þarna halda sig 40% þeirra fugla er nota óshólmavæðið sem set- og fæðustað. Er ennþá deilt um framtíð svæðisins.

Landvinningar

Í aldaðir hefur óshólmavæðum verið breytt í þágu landbúnaðar. Slík hætta vofir t.d. enn yfir Wash ósasvæðinu. Eftir því sem tímar liðu, var enn meira land numið undir iðnað, þótt hægt hafi verið farið af stað í fyrstu. Nú tímaíðnaður er landfrekur og eru stór ósasvæði þegar glötuð. Nú liggja fyrir tillögur um ný iðnaðarhverfi á fitjum og leirum Mersey árinna, þrátt fyrir að stöðugt fleiri fyrirtæki leggi upp laupana

og engin not verði fyrir byggingar þeirra. Mersey áin er gott dæmi um iðnaðarmengun. Árið 1979 drápust yfir 2500 fuglar og um 750 árið eftir vegna eitrunar af völdum lífrænna blýsambanda sem hleypt hafði verið út í ána.

Frístundaiðja

Það vandamál sem orðið hefur til vegna aukins frítíma fólks er nýrra af nálinni en engu hættuminni, sérstaklega í Suðaustur-Englandi. Við Southend Pier í Essex fyrirhuga framkvæmdaaðilar að leggja 800 ekrur [um 320 hektara] af leirum undir risastóra frístunda- og byggingasamstæðu. Lagt hefur verið til, að þetta land verði lýst „svæði með sérstaka vísindapýðingu“ (SSSI) og einnig sett á Ramsar-listann, en þarna dveljast þúsundir andfugla og vaðfugla. Þetta svæði er lýsandi dæmi um það, að þótt um sé að ræða svæði sem er talið alþjóðlega mikilvægt, eru slík svæði í reynd ekki alltaf örugg, ef verklegar framkvæmdir eru annars vegar.

Olíumengun

Hætta af völdum mengunar er veruleg á þeim ósasvæðum, þar sem olía hefur fundist. Olíufyrirtækjum hefur þegar verið gefin heimild til olíukannana og tilraunaborana á óshólmavæðunum Southampton Water, Humber, Dee og Mersey. Leyfi hefur fengist til olíuleitar á Furzey eyju í Poole Harbour, en á Wytch Farm í Dorset er þegar farið að vinna olíu. Þar munu verða unnar 60 þúsund tonn á degi hverjum, jafnmikið og meðalstórt olíusvæði í Norðursjó gefur af sér. Þótt BP olíufélagið hafi lofað að halda röskun í lágmarki, er ekki hægt að líta framhjá hugsanlegu olíuslysi. Osasvæðið í Poole Harbour er mjög umlukt, þannig að í kjölfar lítills leka gæti olía dreifst um allt svæðið og stefnt fjölda fugla í hættu, sérstaklega toppöndum, dílaskörfum og stelkum.



2. mynd. Vaðfuglar mynda oft fallega hópa, eins og þann sem myndin er af og sýnir rauðbrystinga og lappajaðrakana. Um hálf önnur milljón vaðfugla safnast saman á ströndum Bretlandseyja á veturna. Ljós. Geoff Moon (birtingarréttur Frank Lane).

Um grastegundina *Spartina*

Spartina grasið var dæmigert fyrir gróðursamfélög á fitjum á Bretlandseyjum. Árið 1870 var flutt inn frá Norður Ameríku til Southampton Water skyld grastegund, sem æxlaðist við *Spartina*. Við það kom fram mjög harðgert kynblendingsgras, sem síðan hefur breiðst út um strendur Bretlands og Írlands. Að hluta til hefur dreifing þess átt sér stað náttúrulega, en sums staðar hefur þessari jurt verið vísvitandi sáð til landvinninga. Set safnast að rótum jurtarinnar, og að lokum breytast leirurnar í fitjar, sem sjór fellur yfir aðeins á stórstraumsflóðum. Við þetta eyðileggjast fæðuskilyrði fyrir vað- og andfugla. Nú á tímum er hættan af völdum þessa grass einkanlega mikil á Poole Harbour og Severn óshólmasvæðunum.

Landsig

Ein þeirra hætta sem steðjar að leir-

um er af náttúrulegum toga, fremur en af mannavöldum. Austurhluti Bretlands sígur stöðugt, þótt það sé aðeins u.þ.b. þumlungur á hverjum 10 árum. Engu að síður hefur þetta þær afleiðingar, að stöðugt saxast á leirusvæðin. Rannsóknir á Wash ósasvæðinu hafa að auki sýnt, að setefni berast nú í mun minna mæli að landi en áður var, sem leiðir til þess að minna er af næringarefnum. Afleiðingin er sú, að fitjar myndast ekki á jöðrum þeirra svæða sem tekin eru undir landbúnað.

Mönnum kann að virðast þeir þættir sem ógna óshólmasvæðunum vera smáir í sniðum hver fyrir sig. Engu að síður er framtíð fugla sem nota óshólmasvæðin dökk, þegar allir þessir þættir eru teknir saman. Ef gott fæðusvæði tapast verður samkeppni meiri milli tegunda og einstaklinga, en það leiðir að lokum til fugladauda. Stofnar tegunda, sem hing-

að til hafa verið taldar algengar, s.s. stelks og lóupræls, hafa dregist saman um allt að 20% á síðustu 15 árum. Vetrarstofn lóupræla á Bretlandseyjum, alls 450,000 fuglar, kann mönnum að þykja stór, en því má ekki gleyma, að þessa tegund er aðeins að finna á leirum að vetrarlagi. Ef þær eru eyðilagðar, hverfa fuglarnir með þeim.

Nú á tímum er Dornoch Firth í Skotlandi eitt fárra breskra óshólmavæða þar sem engin iðnaðaruppbygging hefur enn átt sér stað. Því miður er nú í bíg-erð að reisa þar verksmiðju sem fram-

leiðir olíupípur og leggja veg eða járnbraut yfir svæðið.

Breska fuglaverndarfélagið (RSPB) hefur miklar áhyggjur af framtíð breskra óshólmavæða, þar sem þrýst er að þeim úr öllum áttum. Framkvæmdastjóri félagsins, Ian Prestt, segir: „Við munum gera allt sem á okkar valdi stendur til að bægja frá þeim hættum sem steðja að hverju sinni. Þannig reynum við að tryggja þeim þúsundum vað- og andfugla, sem gista Bretlandseyjar á veturna, griðland um ókomna framtíð“.

Sarah Brennan

Ævar Petersen

Votlendisvernd

Hér á landi heyrast oft þær raddir, að fuglalífi í mólendi og mýrum hafi hrak- að mikið frá því sem áður var. Ekki verður lagður dómur á það, hvort svo sé eða ekki, en oft er einblínt á eina ástæðu fyrir þessari meintu fækkun, þ.e. fjölgun svonefndra „vargdýra“ (refa, minka, hrafna og máfa). Án frekari rökstuðnings er þeim hiklaust kennt um að vera valdir að hnignun fuglalífs.

Málflutningur af þessu tagi hefur því miður átt svo greiðan aðgang að eyrum manna, að mikill meiri hluta landsmanna virðist líta á þessar staðhæfingar sem sjálfgefnar. Margir finna „vargdýrum“ allt til foráttu, telja það jafnvel skyldu sína að halda þeim í skefjum með öllum tiltækum ráðum, hversu ómannúðleg sem þau eru og þótt þeir eigi engra þeirna hagsmuna að gæta. Þeir, sem fullyrst hafa að íslensku fugla-

lífi hraki, virðast yfirleitt ekki gera sér grein fyrir, að aðrar orsakir kunni e.t.v. að valda fækkun fugla, eða kjósa að þegja um þær hliðar málsins.

Leirur

Í þessu hefti Blika er að finna íslenska þýðingu á grein eftir Söru Brennan um ósa- og leirusvæði á Bretlandseyjum, þýðingu þeirra fyrir fugla og hættur sem steðja að þeim vegna ýmissa athafna manna. Menn kunna að spyrja, hvað breskar leirur komi okkur Íslendingum við? Ég tel greinina eiga fullt erindi til okkar. Hún vekur e.t.v. einhverja til umhugsunar um að til eru aðrar hliðar á meintri hnignun íslensks fuglalífs en vargdýr.

Ein þessara skýringa eru breytingar sem eiga sér stað á vetrarstöðvum fugla, t.d. á Bretlandseyjum, en stór hluti ís-

lenskra mó- og votlendisfugla, einkum vaðfuglar og andfuglar, heldur þar til á veturna eða hefur þar viðkomu á ferðum sínum. Eru ósasvæði sérstaklega mikilvæg í þessu sambandi. Óviða eru stærri né þéttari fuglahópar en á leirum ósasvæða, enda er þar gnótt fæðu. Eyðilegging á leirum getur því höggvið stór skörð í fuglastofna. Leirur eru raunar sárafáar á heildina litið, þannig að mikil eftirsjá er í hverri leiru sem er eyðilögð.

Í rökræðum um áhrif verklegra framkvæmda á viðkvæm fuglasvæði er því oft fleygt, að fuglar geti bara farið eitthvað annað. Slíkur málflutningur var t.d. viðhafður þegar deilan um verndun Þjórsárvera og heiðagæsavarpssins þar stóð sem hæst. Oft gætir mikillar vanþekkingar í máli manna, eins og þegar umræðan um verndun Grafarvogs í Reykjavík stóð sem hæst. Þá birtist bréf í Velvakanda undir fyrirsögninni „Góðu mennirnir“ frá einhverjum sem kallaði sig Tjald, en hann sagði m.a.:

„... náttúruverndarmenn og líffræðingar lýstu hneykslun sinni yfir því að menn væru með athöfnum sínum að eyðileggja hótél farfugla á leirum og í fjörum og sérlega verði fuglar og smádyr flæmd burtu með fyrirhuguðum framkvæmdum í Grafarvogi. – Nú skal ég taka það fram að fuglar hafa ævinlega verið mér til mikils yndis og vil ég síst af öllu styggja þá að óþörfu. Smápöddur og ormar hafa hinsvegar aldrei snortið hjarta mitt að neinu ráði, þótt ég vilji ekki heldur angra þessi litlu sköpunarverk Guðs ef hjá því verður komist. – En að menn megi ekki athafna sig í fjörum og ekki byggja þar né búa, af því að þá verði fuglar fyrir ónæði. Það er mínu heilabúi alveg ofvaxið. Telja menn í raun og veru, að ef hagsmunir manna og fugla rekist á, þá sé mönnunum skylt að láta í minni pokann? Og í annan stað, ég hef hingað til haldið að hin langa strandlengja Íslands geti varla verið svo þéttsetin þessum kærkomnu sumargestum að þeir, sem annars mundu leita sér hvíldar og ætis í nágrenni Reykjavíkur, fyndu sér engan áningarstað ef þess væri farið á leit við þá að þeir flyttu sig um set úr Grafarvogi. – Allt getur farið út í öfgar eins og dæmin sanna, en þetta viðkvæmniskast náttúruverndarmanna út af því að menn séu að flæma burtu fugla og marflær úr sinni eigin fjöru, finnst mér [eitt] það kyndugsta sem hér hefur skeð...“ (Morgunblaðið 23.9.1982: 45).

Höfundur þessa pistils virðist gera sér afar litla grein fyrir þörfum fugla. Fuglar lifa ekki á lofti einu saman. Þeir geta heldur ekki farið „bara eitthvað annað“, þarfir þeirra eru eins mismunandi og tegundirnar eru margar. Hver tegund hefur sinn lífsstíl, sumar tegundir eru mjög sérhæfðar í vali á fæðu, kjörlendi o.s.frv. Ef einhver hlekkur lífkeðju þeirra er brotinn, má búast við skakkaföllum sem erfitt eða ómögulegt er að bæta. Þetta á ekki síst við um eyðileggingu á þeim stöðum, þar sem fuglar hópast saman, og eru leirur gott dæmi þar um. Með rannsóknum er það einnig að koma betur og betur í ljós, að hefðir stjórna lífi þessara fugla. Þannig dvelja sömu einstaklingar vetrarlangt eða hafa viðkomu á sömu leirunni ár eftir ár. Sé leiran skert eða eyðilögð, getur það valdið fækkun fugla þar, sem síðan hlýtur að koma fram í hnignandi fuglalífi á varpstöðvunum. Getur verið, að eyðilegging á viðkomu- eða vetrarkjörlendum sé orsök þess, að mó- og votlendisfuglum fækki hér á landi?

Það er mjög við hæfi að draga athygli að Grafarvogi á ný. Þrátt fyrir viðvaranir líffræðinga og annarra, sem létu sig málið skipta á sínum tíma, var Gullinbrú byggð til að tengja hið nýja íbúðarhverfi í Gufunesi við Ártúnshöfða. Í fyrstu atrennu var leiran að vísu ekki skert nema sem nam brúarstæðinu, en það á enn eftir að koma í ljós, hvaða áhrif jafnvel sú skerðing hefur á fuglana. En það er önnur og meiri hætta sem vofir yfir Grafarvogi. Það kann að vera stutt í það, að skrefið verði stigið til fulls og Grafarvogur eyðilagður allur. Það heyrir, að íbúum nýja hverfisins þyki leiran heldur illa þefjandi, aðeins drullupyttur sem réttast væri að fylla upp. Þær hugmyndir eru jafnvel uppi, að Grafarvogi verði breytt í tjörn með hólum og litlum skemmtibátum verði komið þar fyrir. Verði þær hugmyndir að veruleika, er framtíð leirunnar talin. Enn er þó von, á meðan skerðing Graf-

arvogs er ekki meiri en sem nemur Gullinbrú, en verður látið þar við sitja?

Framræsla

Önnur skýring á hugsanlegri fækkun mó- og vaðfugla er hin gífurlega framræsla mýrlendis sem átt hefur sér stað hér á landi á þessari öld. Við framræslu breytist vatnsbúskapur mýra, gróður-samfélög taka stakkaskiptum og gróður verður einhæfari, einkum ef landinu er breytt í tún. Menn virðast lítið láta sig varða, hvaða áhrif þessar breytingar hafa á tegundasamsetningu og þéttleika fuglasamfélagsins á svæðinu. Hér er ekki aðeins um að ræða fugla sem verpa á hinu framræsta svæði, áhrifin geta náð út fyrir takmörk þess. Fuglar úr nágreinninu nota mýrar til fæðuöflunar, þótt hreiðrið sé annars staðar. Þetta er enn átakanlegra, þegar hafðar eru í huga niðurstöður nýlegra rannsókna, að framræsla votlendissvæða geti orðið árangurslítil og uppskera minnkað (sbr. Borgþór Magnússon 1987. Áhrif framræslu og beitar á gróðurfar, uppskeru og umhverfisþætti í mýri við Mjóavatn á Mosfellsheiði. Fjölrit RALA nr. 127. 93 bls.). Því má svo bæta við, að framræsla hefur ekki alltaf getið af sér það sem til var ætlast. Þannig hafa bændur á Mýrum vestur ræst fram allt að fjórðung allra tjarna og vatna á þeim slóðum, en síðan hefur jafnvel verið fyllt upp í skurði aftur, þar eð árangurinn varð ekki sá sem stefnt var að.

Eftirlitstalningar

Engar tölur liggja fyrir um fjölda og þéttleika mó- og vaðfugla frá því áður en framræsla mýra var hafin fyrir alvöru fyrir einum 50 árum. Þetta er dapurleg staðreynd fyrir þá, sem vildu reyna að gera sér grein fyrir, hvaða afleiðingar framræsla hefur haft á íslenska fuglastofna. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hefur kannað áhrif framræslu, en lítið af niðurstöðum hefur enn verið birt (sjá þó Fjölrit RALA nr. 19, 31 og 67).

Lítil umræða hefur átt sér stað um áhrif framræslu á fuglalíf hér á landi, en sérstaklega er þó vert að benda á rit Landverndar Votlendi (nr. 4, 1975). Margir útlendingar hafi látið í ljósi áhyggjur um framtíð íslenskra votlendisfugla (sjá t.d. R.W. Summers og M. Nicoll 1983. Wader Study Group Bulletin nr. 39).

Nauðsynlegt er að hefja reglubundnar talningar á mó- og vaðfuglastofnum (sem og á öðrum fuglastofnum) hér á landi. Slíkar talningar eru forsenda þess, að við fáum greinargóða vitneskju um breytingar sem kunna að verða á íslensku fuglalífi. Hingað til hafa menn að verulegu leyti orðið að geta í eyðurnar.

Ein fjölmargra nefnda innan vébanda Norðurlandsráðs fjallar um svonefndar „monitoring“-talningar, sem nefna má vöktunar- eða eftirlitstalningar á íslensku. Þetta eru reglubundnar (helst árlegar) talningar á fuglum á afmörkuðum svæðum. Þau þurfa að vera nægilega mörg, og spanna helstu búsvæði fugla, ef niðurstöður eiga að gefa marktækt yfirlit um mismunandi fuglastofna víðs vegar á landinu. Árið 1983 kom út rit á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær aðferðir sem notaðar eru til að fylgjast með breytingum á fuglalífi (Metoder til overvågning af fuglelivet i de nordiske lande. Nordisk Ministerråd, miljø rapport 1983:1). Ritið er byggt á starfi þessarar nefndar, en lokaskýrslu er að vænta síðar.

Þar eð fuglar eru ofarlega í fæðupýramída náttúrunnar, gefa eftirlitstalningar ekki aðeins vísbendingar um ástand fuglastofna, heldur óbeint um ýmsa aðra þætti lífríkisins. Kosturinn við að nota fugla til að fylgjast með breytingum á lífríkinu almennt er m.a. sá, að auðveldara er að telja þá en flest önnur dýr. Þeir eru auk þess vinsælt áhugamál og því auðveldara að fá hæfa menn til að sinna eftirlitstalningum á fuglum en nokkrum öðrum dýrahópi. Í ofan-

greindu nefndarstarfi felst viðurkenning á því innan Norðurlandaráðs, að fuglatalningar geta gefið mikilvægar ábendingar um breytingar á lífríkinu.

Eftirlitstalningar eru orðnar viðamikl- ar á hinum Norðurlöndunum, sér í lagi í Svíþjóð og Finnlandi. Þær hafa hlotið viðurkenningu sem mikilvægur hluti almenningar umhverfisverndar og leggja opinberir aðilar, s.s. opinber náttúruverndarsamtök, fé til þessara hluta. Hér á landi er nánast engu fé veitt til slíkrar starfsemi.

Friðlýsingar

Ísland gerðist aðili að alþjóðasáttmála um verndun votlendis árið 1977, svo- nefndum Ramsar-sáttmála. Við undirskrift hans var eitt íslenskt votlendis- svæði skráð á verndarlista. Það var Mý- vatnssvæðið, og þar með skuldbundu íslensk yfirvöld sig til að halda verndar- hendi yfir því. Þar eð hér er óumdeilan- lega um þýðingarmesta votlendissvæði landsins að ræða, var valið að nokkru leyti óheppilegt. Skráning þess á Rams- ar-listann kann að hafa sett ákveðna viðmiðun, sem getur orðið til þess, að næsta fá önnur íslensk votlendissvæði verði talin þess verðug að verða skráð á listann. Þá er ákveðin hættu á, að friðun eins landsvæðis dragi úr árvekni manna gagnvart verndun annarra svæða. Þetta á að vísu ekki bara við um votlendis- svæði, heldur í friðlýsingarmálum al- mennt.

Þetta leiðir hugann að stöðu friðlýs- inga á Íslandi. Margir álíta að verndun svæða sé borgið, þegar þau hafa verið friðlýst. Svo er því miður ekki, þar eð staðir eru aðeins friðlýstir með reglu- gerð, nema þjóðgarðar (Þingvellir, Skaftafell, Jökulsárgljúfur) og svo Mý- vatns- og Laxárvæðið. Samkvæmt eðli reglugerða getur menntamálaráðherra rift friðlýsingu hvenær sem honum þóknast. Eitt friðlýst votlendissvæði er í hættu um þessar mundir vegna ráða- gerða um byggingu flugvallar. Það eru Borgarskógar í Skagafirði (sjá Kristín H. Skarphéðinsson og Guðmund A. Guðmundsson. Athugun á fuglalífi í Skógum, Skagafirði og nágrenni, vorið 1987. Skýrsla til flugmálafyrvalda 1987), sem er eitt af örfáum óshólmavæðum landsins. Friðlýst svæði verða að vera betur varin með lögum en svo, að einn maður geti ráðið riftun þeirra. Öll slík riftunarmál þyrftu tvímælalaust að koma til meðferðar Alþingis.

SUMMARY

The conservation of wetlands

A short discussion of wetland conservation in Iceland, including the encroachment by men upon mudflats, the effect of drainage, the monitoring of wetland birds, and the legal status of sites that have been declared protected.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Póst- hólf 5320, 125 Reykjavík.

Hvít æðarkolla



Hvít æðarkolla *Somateria mollissima* („albinó“) á hreiðri í Blikalónsey á Melrakkaslétu, N.-Þing. Myndin var tekin 2. júlí 1986. Þá lá kollan á 4 eggjum í gamalgrónu hreiðri. Eggin voru eðlileg að lit en dúnninn mjög ljós. Kollan var óvenju stygg af æðarkollu á hreiðri að vera. Hún ungaði út öllum eggjunum og voru ungarnir í engu frábrugðnir öðrum æðarungum. Sumarið 1987 varp þessi kolla skammt frá fyrri varpstað. Þá voru einnig fjögur egg í hreiðrinu, eins og sumarið áður, þrjú eðlileg en eitt óvenjulítið („örverpi“ eða „hreiðurböggull“). Kollan var mun spakari en sumarið 1986. – *An albino Eider Duck Somateria mollissima on nest at Melrakkaslétta, NE. Iceland. The picture was taken on July 2, 1986, when the female incubated 4 eggs at a traditional nest site. The eggs' colour was normal while the down was unusually light. The bird was very shy for an incubating Eider. All the eggs hatched and the young were no different from ordinary Eider ducklings. In summer 1987 the female nested a short distance away from the 1986 nest site. The nest again contained four eggs, of which three were normal ones but the fourth was unusually small. The female was also considerably more tame than the year before.* Ljós. Jón Magnússon, Akureyri.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1985

Skýrsla þessi um sjaldgæfa fugla á Íslandi 1985 er svipuð að formi til og fyrri skýrslur. Nokkuð hefur þó verið rätt um það meðal aðstandenda Blika og í flækinganefndinni, hvernig best sé að koma upplýsingum um flækingsfugla á framfæri. Menn telja að Bliki sé eðlilegasti vettvangurinn, en engu að síður taka skýrslur þessar mikið rými í ritinu. Því hafa verið uppi hugmyndir um það að stytta skýrslurnar, m.a. með því að fella niður eða stytta upptalningar á einstökum tegundum, s.s. grápresti, svartpresti, og jafnvel fjöruspóa, gráhegra og fleiri algengum tegundum. Þótt ákveðnar tegundir verði ef til vill felldar niður úr skýrslum í framtíðinni eða framsetningu upplýsinga breytt, getur verið réttlætjanlegt að bæta við tegundum, s.s. sjaldgæfum varpfuglum, til þess að fá fyllri upplýsingar um þær. Ákveðið hefur verið að *skeiðendur* skuli teknar með frá og með 1987. Eru menn beðnir að hafa þetta í huga.

Sú breyting hefur verið gerð á starfsháttum flækinganefndarinnar, að í stað ellefu skulu nú menn dæma gögn hverju sinni. Nefndarmenn í þetta sinn voru Arnþór Garðarsson, Árni Waag Hjálmarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Kjartan Magnússon, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Ólafur Einarsson og Ævar Petersen.

Það nýmæli er tekið upp í þessari skýrslu að geta fjölda fugla af hverri tegund sem sáust á árinu, auk fjölda fugla sem sést hafa áður. Er þetta gert til þess að menn geti betur áttáð sig á því hve algengar einstakar tegundir eru. Þetta er gert í skýrslum um sjaldgæfa fugla í

nágrannalöndum okkar. Fyrir aftan tegundarnafn eru þrjár tölur í sviga. Fyrsta talan sýnir fjölda fugla sem höfðu sést fyrir 1979, þegar skýrslurnar byrjuðu að koma út. Í flestum tilfellum er þessi fjöldi að vísu ekki vel þekktur enn sem komið er, og er þá sett strik (-) í stað fjölda. Önnur talan táknar fjölda fugla sem sést hafa frá 1979 til 1984, að báðum árum meðtöldum. Þriðja og síðasta talan er síðan fjöldi fugla sem sáust 1985. Þessar tölur sýna *lágmarksfjölda* einstaklinga að okkar mati, en í ýmsum tilfellum má um það deila, hvort tvær aðskildar athuganir í skýrslunni eigi við sama fugl eða ekki. Þessar tölur má því ekki taka of bókstaflega; þær eru fyrst og fremst mælikvarði á tíðni viðkomandi fugla. Ekki er getið fjölda nokkurra mjög algengra tegunda, og í nokkrum tilvikum er plús (+) settur aftan við tölur til þess að tákna óskilgreinda hópa að auki.

Í þessum skýrslum hafa verið birtar tiltækar myndir af nokkrum þeirra fugla sem fjallað er um. Sumar þeirra eru það góðar, að lesendur geta notað þær til þess að átta sig á greiningareinkennum tegundanna. Aðrar myndir eru síðri, oft teknar á löngu færi og gjarnan allmikið stækkaðar fyrir prentun. Það er þá oft aðeins á færi fróðustu manna á þessu sviði að sjá um hvaða tegundir er að ræða. En slíkar myndir styðja viðkomandi athuganir og eru því birtar, þótt þær teldust óbirtingarhæfar í öðrum tilvikum. Athugendur skulu minntir á að allt myndefni er mjög vel þegið, bæði til að auðvelda dómnefndinni störfina og til að lífga upp á skýrslurnar.

Yfirlit

Í þessari skýrslu er getið 92 tegunda. Er það ívið minni fjöldi en á undanförunum árum. Einnig eru nokkrar viðbætur frá fyrri árum og leiðréttingar.

Sjaldgæfir varpfuglar. Vepja varp í Eyjafirði og saúst tveir ófleygir ungar í síðari hluta júní (Gunnlaugur Práinsson 1986). Svartþrestir saúst í Skógræktarstöðinni í Fossvogi, Reykjavík, um vorið og urpu þar, og þrír ungar saúst síðla sumars (Hannes Þór Hafsteinsson 1986). Er þetta í fyrsta sinn sem vitað er til þess að svartþrastarungar hafi komist úr hreiðri hér á landi. Á Bakkagerði í Borgarfirði eystra var einn gráspör enn lifandi eftir varpið 1971-1980. Gráspörvapar varp á Hofi í Örfum vorið 1985 og kom upp tíu ungum þá um sumarið. Ekki varð varp annarra óreglulegra varpfugla hér á landi sannað þetta sumar. Þó söng fjallafinka á Egilsstöðum um vorið. Ekkert keldusvínshreiður fannst fremur en undanfarin ár.

Vetrargestir. Fjöldi vetrargesta var svipaður og á undanförunum árum. Nokkrar æðardrottningar saúst. Hvinendur saúst allvíða, m.a. á Norðausturlandi og Suðvesturlandi. Gráhegrar saúst víðar en oft áður. Vepjur saúst óvenjuvíða á fyrstu mánuðum ársins.

Sumargestir og sjaldgæfir fargestir. Nokkrar gráskrofur saúst, en engin hettuskrofa. Fjallkjóar og ískjóar saúst, en enginn sportittlingur. Þótt sportittlingar séu fremur sjaldgæfir, sjást þeir þó flest ár.

Deilitegundir. Ein austræn blesgæs sást, í annað skipti hér á landi, og einnar amerískrar urtandar varð vart. Einnig saúst grænlenksir hvítfálkar.

Nýjar tegundir. Tvær tegundir saúst hér á landi árið 1985, sem ekki hafa sést hér áður. Roðaflæmingi sást í apríl við Holtahóla á Mýrum, A-Skaft., og vaðfæla sást í Flatey á Breiðafirði í júní. Fyrirnefnda tegundin er ættuð frá S-Ameríku, en fuglinn mun hafa komið hingað frá Bretlandseyjum. Hin síðarnefnda

er amerískur vaðfugl, sem er fremur sjaldséður í Evrópu. Um báða þessa fugla hefur verið fjallað áður (sjá Ævar Petersen 1985).

Flækingsfuglar. Nokkrar mjög sjaldgæfar tegundir saúst 1985. Má þar nefna bláheiði, fjallvák, kvöldfálka, förufálka, efjutítu, bakkasvölu, dulþröst, kjarnbít og blátittling. Efjutíta, kjarnbítur og blátittlingur saúst hér í annað sinn. Að auki má nefna nokkrar fremur sjaldséðar tegundir, s.s. rákatítu, spóatítu, gul-erlu, blábrysting, hagaskvettu, runntítlu og gultittling. Ein silkitoppa sást en þær eru sjaldséðar nema í stórum hópum á margra ára á fresti.

Krossnefir. Nokkrar tegundir fugla í Evrópu og austur í Asíu eiga það til að flakka í stórum hópum út fyrir regluleg heimkynni sín. Þetta hefur verið nefnt „rásfar“. Sumar þessara tegunda koma stundum hingað til lands, og eru silkitoppur og krossnefir kunnastar þeirra hér. Mjög mikið af krossnefum sást hér á landi sumarið 1985. Varð þeirra vart um land allt nema á norðvestanverðu landinu. Fyrsti fuglinn sást 22. júní í Neskaupstað, en flestir þeirra saúst í júlí, en stærsti hópurinn sást 6. ágúst í Skriðdal, minnst 40 fuglar. Sáust krossnefir síðan hér og þar á landinu út árið, og síðasti fuglinn á árinu sást á gamlársdag á Egilsstöðum. Einnig sást fugl eftir áramót í Reykjavík.

Annáll ársins

Janúar: Janúar er að öllu jöfnu heldur tíðindalíftill mánuður. Að þessu sinni saúst þó óvenju margir flækingsfuglar, þó ekki hafi verið um neinara óvæntar tegundir að ræða. Þetta voru hefðbundnir vetrargestir eins og gráhegrar í Ósum á Reykjanesi og í Kollafirði í Kjós, æðarkóngar í Reykjavík og Garði og lappa-jaðrakanar í Sandgerði. Þá bar nokkuð á skógarsnípum, en alls saúst 7 fuglar víða um sunnanvert landið og á Akureyri. Vepjur saúst einnig víða, sú fyrsta á Heimaey 5. janúar, en þar saúst þær

flestar 20. janúar, eða 8. Þrjár saúst undir Eyjafjöllum, 2 á Rauðasandi og 4 á Reykjanesi. Af sjaldsédari fuglum má nefna evrópska blesgæs í Nesjum, straumerlu og hettusöngvara í Reykjavík, glóbrysting í Neskaupstað og grákráku í Örafum.

Febrúar: Vepjur voru enn tíðari í þessum mánuði en þeim fyrri, en 10. febrúar birtust vepjur víða um sunnanvert landið, allt frá Eskifirði vestur til Miðness á Reykjanesskaga. Flestar, eða 11, saúst í Álftaveri, 9 á Miðnesi og 3 á Vatnsleysuströnd. Síðar í mánuðinum saúst enn vepjur á nokkrum stöðum, m.a. í Borgarnesi og á Rífi. Æðarkóngar saúst 2 á Tjörnesi og sinn hvor fuglinn í Keflavík og Kópavogi, og aðeins einn gráhegri sást, í Örafum. Einnig saúst nokkrir sjaldgæfari fuglar. Tveir ljóshöfðar saúst á Reykjanesskaga, annar í Ósum en hinn á Vatnsleysuströnd; sá síðarnefndi sást reyndar fyrst í lok fyrra árs. Grátrana sást í Lóni, dverg-snípa í Reykjavík, glóbrystingur á Höfn og hagaskvettur á Heimaey 26. febrúar, en hagaskvettur hafa hingað til einungis sést í mars hér á landi.

Mars: Gráhegrar saúst á nokkrum nýjum stöðum, á Núpssstað og Kirkjubæjarklaustri og tveir í Ölfusi, einnig æðarkóngar, í Önundarfirði, á Eskifirði, Álftanesi og við Garðabæ. Enn saúst 7 vepjur á Heimaey (15. mars), en þar fyrir utan sást aðeins ein í mánuðinum, á Núpssstað. Bleshæna sást í Garðabæ, skógarsnípa við Varmá í Kjós, bókfinka í Reykjavík og dómpápi á Akureyri. Nokkrir hröfnungar saúst, bláhráfn og grákráka á Kirkjubæjarklaustri og dvergkráka í Grindavík.

Apríl: Í apríl lifnar að vanda yfir fuglalífi. Fjölmargar tegundir saúst, þrátt fyrir það að veðurfar mánaðarins biði ekki upp á sérstök skilyrði til hrakninga. Þar af leiðandi var ekki um neinar áberandi göngur að ræða, heldur saúst fuglar jafnt allan mánuðinn. Æðarkóngar sjást nokkuð víða, tveir á

Tjörnesi og tveir á Hólmavík snemma í mánuðinum og tveir á Garðskaga síðar. Aðeins einn gráhegri sást, á Mýrum austur, og vepjur enn á 6 stöðum fram í miðjan mánuðinn, flestar 5 á Egilsstöðum. Af andfuglum saúst tvær snjógæsir, í Garði og Hnappadal í lok mánaðarins, kanadagæs á Stöðvarfirði, brandönd í Norðfirði og amerísk urtönd á Elliðavatni við Reykjavík. Kvöldfálki sást í Nesjum og bleshænur á Höfn og Lagarfljóti. Að vepjum frátöldum saúst engir áhugaverðir vaðfuglar, heldur ekki máfar, nema ísmáfur á Hólmavík. Svölur saúst með minnsta móti, enda léku ekki hlýir suðaustanvindar um landið í þessum mánuði, sem vert er að tífunda. Aðeins tvær landsvölur saúst 22.-23. apríl, í Reykjavík og Örafum, og tveir múrsvölungar (e.t.v. sami fugl) í Reykjavík viku síðar. Þá sást einnig hringdúfa á Hallormsstað. Af þröstum og skyldum tegundum saúst tveir söngþreistir í byrjun mánaðarins, annar í Hróarstungu en hinn á Selfossi, mistilþröstur um miðjan mánuðinn í Hafnarfirði, húsaskotta í Örafum og glóbrystingur í Reykjavík. Af finkum saúst kjarnbítur í Fljótsdal, en hann hafði aðeins sést hér á landi einu sinni áður, aðeins ein fjallafinka, að Svínafelli í Örafum, en allmargar bókfinkur. Í Neskaupstað saúst 6 bókfinkur, 2 á Húsavík og nokkrar í Vopnafirði. Þá saúst stakir fuglar á Seyðisfirði, Höfn, í Eiðapinghá og Álftaveri. Af öðrum smáfuglum saúst gultittlingur og gulerla í Suðursveit og glókollur í Reyðarfirði. Nokkrir bláhráfnar saúst, fyrst einn á Heimaey 11. apríl og síðan þrír fuglar á Reykjanesskaga 21. apríl. Grákráka sást í Lóni. Þá er ónefndur hvítur hegri sem sást í apríl á Melrakkasléttnu. Hræið af honum fannst í júní, en enn á eftir að greina þennan fugl til tegundar. Síðast skal getið roðaflæmingja sem birtist með álftum á Mýrum austur viku af mánuðinum (sjá Ævar Petersen 1985).

Maí: Um miðjan mánuðinn settist

hæð að fyrir austan land, sem beindi loftmassa frá Bretlandseyjum til Íslands. Svo hélt áfram meir eða minna allt til 20. maí, en vindur var tiltölulega hægur og megnaði því ekki að hrekja fugla til landsins. Með sterkari vindi hefði mátt búast við svölum í meiri mæli er raun varð á. Tvær landsvölur sáust í Garði. Bæjasvölur sáust síðan í lok mánaðarins, 3 á Heimaey og ein á Ströndum. Tveir gráhegrar sáust í mánuðinum, í Eyjafirði og Núpasveit, og hvítur hegri (enn ógreindur) undir Eyjafjöllum (sást í maí eða júní). Nokkrir ædarkóngar sáust framan af mánuðinum, flestir á Vestfjörðum (í Arnarfirði, Dýrafirði og Öndarfirði), einnig á Norðfirði og í Garði og að lokum einn í æðarvarpi á Rífi. Nokkrar áhugaverðar endur fundust. Á Mývatnssvæðinu sáust ljóshöfði, taumönd og skutulönd, krákönd í Dýrafirði og skutulönd á Tjörninni í Reykjavík. Snjógæsir sáust í Flóa og Hörgárdal. Tveir ránfuglar sáust, turnfálki í Dýrafirði og fjallvákur settist á skip austur af Langanesi. Fjórar vepjur sáust að Laugalandi í Eyjafirði í byrjun mánaðarins og leiddi það til varps (sjá Gunnlaug Práinsson 1986). Aðeins tveggja annarra vaðfugla varð vart, rúkraga á Egilsstöðum og efjutítu á Seltjarnarnesi, en hún hafði aðeins sést hér einu sinni áður. Tveir dvergmáfar sáust, í Grindavík og á Seltjarnarnesi, og hringdúfa í Biskupstungum. Laufsöngvari fannst á Seyðisfirði og blábrystingur í Flatey á Breiðafirði. Nokkrar tegundir af finkum sáust. Mest var af bókfinkum, í byrjun mánaðarins í Dýrafirði og Suðursveit, en síðar á Selfossi og við Laugarvatn, en þær dvöldu á stöðunum fram á mitt sumar. Aðeins tvær fjallafinkur sáust, í Suðursveit og við Egilsstaði. Þá sást rósafinka í Neskaupstað og barrfinka á Seyðisfirði. Enn sáust grákrákur, tvær á Höfn og nágrenni, og dvergrákra í Austur-Landeyjum.

Júní: Tveir atburðir eru öðrum markverðari í júní. Ný tegund, vaðfæla, sást í

fyrsta skipti á Íslandi, en hún skartaði sínu fegursta í Flatey á Breiðafirði á þjóðhátíðardaginn (sjá Ævar Petersen 1985). Hinn var upphaf mikillar krossnefsgöngu til landsins í seinni hluta mánaðarins, sem getið var um hér fram. Krossnefir sáust í umtalsverðum fjölda víða um land allt fram á vetur og verður það ekki reifað frekar hér í þessum annál. Nokkuð sást af andfuglum, sennilega 3 ædarkóngar í Öndarfirði, tvær hrókendur á Lagarfljóti 10. júní og ein á Mývatni 25. júní, einnig skutulönd á Mývatni, tvær taumendur og ljóshöfði við Kristnes í Eyjafirði og ljóshöfði í Dýrafirði. Skógarsnípa sást syngjandi í Ásbyrgi og aftur tvær í byrjun júlí, og ein fannst löngu dauð á Langanesi. Rúkragi var í Mývatnssveit. Þernumáfur sást í Grindavík fyrsta dag mánaðarins, og dvergmáfar í Látravík og við Mývatn. Hringdúfa sást að Svínafelli í Öræfum og turtildúfa í Reykjavík, landsvala í Nesjum og þrír múrsvölungar á Heimaey. Fjallafinka sást í Jökulsár-gljúfri, bókfinka og tvær barrfinkur í Fossvogi í Reykjavík.

Júlí: Krossnefir um land allt settu mestan svip á þennan mánuð. Af öðrum tegundum voru aðeins stöku fuglar, ef ædarkóngur er undanskilinn, en alls sáust 13 ædarkóngar á ýmsum stöðum á Vestfjörðum. Gráskrofa sást á Sporðagrunni upp úr miðjum mánuðinum, korpönd í Dýrafirði þann fyrsta, vepja í Áltaveri og önnur dauð í Lóni, vaðlátita á Seltjarnarnesi, fjallkjói í Landbroti og hringdúfa á Heimaey. Af spörfuglum sáust húsaskotta og hettusöngvari í Reykjavík, dómpápi á Kirkjubæjarklaustri í lok mánaðarins, og bókfinkur enn á nokkrum stöðum, á tveimur stöðum í Fljótshlíð, í Öræfum og Reykjavík.

Ágúst: Mánuðurinn var mjög tíðindalítill að þessu sinni. Gráhegri sást í Ösum, 2 rúkragar í Garði um miðjan mánuðinn og 3 lappajaðrakanar í Sandgerði í lok hans. Hringmáfur sást í Reykjavík,

einnig 2 múrsvölungar og bakkasvala, en hún sást fyrst 28. ágúst í Fossvogi og hélt sig þar fram í miðjan september.

September: Þessi mánuður var óvenju rýr að þessu sinni, enda var ekki um neinar afgerandi lægðir að ræða, sem hefðu getað hrakið fugla til landsins svo nokkru næmi. Lægðir sem fóru hér fyrir sunnan land ollu allar mjög skammvinnri SA-átt, t.d. dagana 9., 11., 14., 25. og 28. september og hafa því tæplega borið hingað nema stöku fugla. Gráhegra fór að verða vart er liða tók á mánuðinn, fyrst 6 fuglar við Egilsstaði, 2 á Eskifirði og stakir fuglar í Lóni, Sandgerði og Hergilsey á Breiðafirði. Kanadagæs sást í Biskupstungum, en annars engir andfuglar, né heldur ránfuglar. Engirella settist á bát í lok mánaðarins út af Snæfellsnesi. Lappajaðrakönum fjölgaði í Sandgerði í sex, spóatítur sáust í fyrri hluta mánaðarins í Sandgerði, Garði og á Álftanesi. Turtildúfa sást í Reykjavík 5. sept. og fjallkjói út af Seltjarnarnesi 8. sept. Fyrstu spörfuglarnir sáust ekki fyrr 13. sept., en þá varð vart við 6 barrfinkur á Selfossi og meintan laufsöngvara og bókfinku þremur dögum síðar. Netlusöngvari náðist á Borgarfirði eystra 20. sept., og bókfinka sást við Djúpavog tveimur dögum síðar. Fyrsti garðsöngvari haustsins sást á Selfossi 26. sept., síðan 2 við Grindavík daginn eftir og 1 á Húsavík 29. sept. Laufsöngvari sást í Örafum 26. sept. og annar meintur laufsöngvari á Reykjanesskaga daginn eftir.

Október: Fyrri hluta mánaðarins fóru lægðir fyrir sunnan land og voru skilyrði til fuglahrakninga frá Evrópu þá fyrir hendi. Efnilegasta lægðin var á ferðinni strax í upphafi mánaðarins, en 2. október var mjög víðáttumikil 980 mb lægð suður af landinu, sem olli sunnanátt í Skotlandi og austanátt á Íslandi. Hún dýpkaði daginn eftir í 960 mb og skil lágu yfir Írlandi og norður undir Ísland og önnur yfir vestanverðum Bretlands-

eyjum. Þann 4. október döpruðust svo skilyrðin til hrakninga. Þann 6. október var ný 970 mb lægð á ferðinni, en henni fylgdu SA 5 vindstig í Færeyjum, og 10. október var 980 mb lægð VNV af Skotlandi og skil yfir Norðursjó. Næstu tvær vikurnar tóku lægðirnar nýja stefnu og fóru upp á milli Íslands og Grænlands og voru möguleikar á því að amerískir fuglar bærust til landsins fyrir hendi. Þó fóru lægðirnar það hægt, að líkurnar á því að fuglar næðu lífs alla leið til Íslands virtust ekki miklar. Á sama tíma og lægðirnar beindust vestur fyrir landið var hæðarsvæði yfir vestanverðri Evrópu, sem gæti hafa beint farfuglum á haf út og þaðan norður til Íslands með lægðunum. Verulegur fjöldi flækingsfugla sást út allan mánuðinn og yrði of langt mál að tíunda þá alla hér. Það er ljóst að lægðirnar í upphafi mánaðarins báru fugla til landsins, en svo virðist sem fuglar hafi haldið áfram að koma eftir að SA-áttinni slotaði. Mest bar á söngvurum, fyrst garðsöngvurum og laufsöngvurum, gransöngvurum frá og með 9. október og hettusöngvurum frá og með 15. október. Hauksöngvari sást 7. og þyrnisöngvari 13. október á Höfn og hnoðrasöngvari 26. í Vopnafirði. Af öðrum evrópskum spörfuglum mætti nefna grágrip í Örafum 11., garðaskottu við Grindavík 20., barrfinku í Örafum 26., vallskvettu í Garði 27. október. Nokkrar fjallafinkur sáust á Suðausturlandi, sú fyrsta 11. október. Sefgoði sást í Kelduhverfi 20. október. Gráhegrar sáust víða um land, flestir 4 í Landbroti og 3 í Nesjum. Snjógæsir sáust undir Eyjafjöllum og á Rangárvöllum og kanadagæs í V-Landeyjum. Korpönd sást í Kelduhverfi, 2 æðarkóngar í nágrenni Húsavíkur, turnfálki á Mýrum austur 6. október og 2 engirellur á Heimaey um miðjan mánuðinn. Fáir vaðfuglar sáust. Grálóa sást við Grindavík 3. og önnur 13., vepja, spóatíta og 6 lappajaðrakanar á Höfn í fyrri hluta mánaðarins og 12 lappajaðrakanar í

Sandgerði í mánaðarlokin. Þá sást vopja á Miðnesi 20. og skógarsnípa í Suðursveit 23. október. Hringmáfur sást á Húsavík 24. október. Tvær bæjasvölur sáust í mánuðinum, önnur á Selfossi þann 3. og hin í Kópavogi 19. október. Þá er ógetið þriggja amerískra fugla sem sáust í október. Ungur förufálki af amerísku deilitegundinni settist á skip 100 sjómíllur suður af Reykjanesi 16. október, en einmitt þann dag var mikill loftmassi á leið hingað frá Ameríku. Þá sást dulþröstur í Garði og blátittlingur við Grindavík 20. október.

Nóvember: Ekki var veðurfar þessa mánaðar líklegt til þess að bera fugla til landsins svo nokkru næmi, enda reyndist heldur dauft yfir fuglalífi hér miðað við líflegan október, en oft hefur einmitt verið töluvert um að vera í fyrrihluta nóvember. Þann 3. nóvember stefndi þó nokkuð snörp 980 mb lægð á Skotland og náðu skilin inn yfir Skotland þá um kvöldið. En lægðin var ekki viðáttumikil og 4. nóvember stóð vindur af norðri á Íslandi. Þann 8. nóvember var viðáttumeiri 975 mb lægð á ferðinni með austlæga vindátt á Íslandi. Ekki er ástæða til að rekja veðurfar lengra fram eftir mánuðinum. Gráhegrar sáust víða á SV-verðu landinu, m.a. 3 í Ölfusi og 1 sást í Kelduhverfi. Snjógæs sást í Andakíl í byrjun mánaðarins. Ljóshöfði var í rauðhöfðahópi við Merkines sunnan Hafna 30. nóvember, bláheiðir náðist á Heimacy, 2 skógarsnípur sáust á Selfossi þann 9., og grálóa á Miðnesi 24. nóvember. Ískjóí náðist á sjó á Skjálfa- anda 12., dvergmáfur sást í Grindavík 23. og hringdúfa í Garðabæ 1. nóvember. Straumerla sást við Varmá í Mosfellssveit 2. nóvember, þar sem hún virðist orðin nær árviss. Söngþröstur sást við Grindavík 9. nóvember. Nokkrir söngvarar sáust einnig, síðbúinn laufsöngvari þann 2. og 3 gransöngvari 3. nóvember í Örafum, hettusöngvari 8. nóvember við Grindavík, annar 19. á Selfossi og sá þriðji í Garði 24. nóvem-

ber. Þá sáust a.m.k. 2 fjallafinkur á Höfn í nóvember og stök silkitoppa á Húsavík í lok mánaðarins.

Desember: Nokkrir fuglar frá haustinu lifðu fram í desember, en engin teikn bentu til þess að nýir fuglar hafi borist til landsins. Sefgoði sást að vísu á Vatnsleysuströnd. Nokkrir gráhegrar sáust, á Tálknafirði, Grundarfirði og 7 í Ölfusi. Æðarkóngar sáust á Akureyri, í Njarðvík og Grindavík. Keldusvín og 2 skógarsnípur fundust á Heimaey, bókfinka sást á Seltjarnarnesi og barrfinka í Biskupstungum.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri at- hugun eru annað hvort finnendur eða geta fyrstir viðkomandi fugls eða fugla. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. ☆ merkir að fuglinum hafi verið safnað eða hann fundist dauður. Sýslur eru í stafrófsröð, en at- huganir innan þeirra eru yfirleitt í tíma- röð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu.

Tegundaskrá

Sefgoði *Podiceps grisegena* (-,14,2)

A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. – Fremur sjaldgæfur vetrargestur.

Gull: Vogar á Vatnsleysuströnd, 29.-31. desember (ESH ofl.).

N-Ping: Víkingavatn í Kelduhverfi, 20.-21. október (HeB, GH ofl.).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (-,20,1)

Suðurland. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma og er sennilega árviss hér við land. Á sjó: Sporðagrunn, 19. júlí (BA).

Gráhegri *Ardea cinerea* (-,229,50)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Algengur haust- og vetrargestur. 1. mynd.

Árn: Opnur í Ölfusforum, tveir 23. mars (HPH), þrír ungf 10. nóvember (GH, GP, KM), sex 28. desember (EP, GP, KHS).

Stökkseyri, ungf 22. nóvember (GAG, JSÓ, KL, ÓE).

Bakki í Ölfusi, 28. desember (EP, GP).

A-Barð: Hergilsey á Breiðafirði, einn um miðjan september (Hafsteinn Guðmundsson, Hafþór Hafsteinsson).

V-Barð: Lambavatn á Rauðasandi, 28. október, hafði sést í um viku á næstu bæjum (Tryggvi Eyjólfsen).

Tálknafjörður, desember til apríl 1986 (Gísli Sigurðsson).

Eyf: Litlihvammur, Hrafnagilshr, um 14. maí (skv. Sverri Vilhjálmssyni).

Akureyri, einn um haustið til apríl 1986 (Sverrir Vilhjálmsson).

Skjaldarvík, 7. desember ☆ (Stefán Sigurðsson).

Gull: Ósar, einn 4. janúar til 10. febrúar (ESH ofl.), þrír 13. janúar (Þorvaldur Björnsson), einn ungf 25. ágúst til 3. október (ESH, GP, HPH ofl.).

Mógilsá í Kollafirði, 19. janúar (HPH).

Sandgerði, 29. september til 31. október (ESH, GP, HPH, Jón Baldur Hlíðberg ofl.).

Vogar á Vatnsleysuströnd, ungf 13. október (Árni Waag Hjálmarsson, GP, GP, HeB, ÓE).

Vífilsstaðavatn í Garðabæ, 16. október (Jón Kristjánsson).

Grindavík og nágr., þrír 8. nóvember til 20.

desember (GAG, KL ofl.).

Krísuvík, 9. nóvember (Guðmundur Guðmundsson).

Lambhagi í Mosfellssveit, nóvember til amk 9. janúar 1986 (Hafberg Þórisson).

N-Múl: Seyðisfjörður, 9. október (Hilmar Eyjólfsen).

S-Múl: Eskifjörður, 23.-26. mars (Kristján Vigfússon ofl.), tveir 30. september (Emil Thorarensen).

Egilsstaðir, ungf 21. nóvember 1984 til 15. apríl (við Eyvindará við Vonarland) (SP), sjá einnig skýrslu 1984.

Lagarfljót við Egilsstaði, amk sex frá 22. september til 4. október, sjö 16. október, fjórir til 13. desember, þrír til um 25. desember, tveir til 23. apríl 1986 (Óskar Bjarnason ofl.).

Gunnlaugsstaðavík í Lagarfljóti, Vallahr, 5. október (Björn Björnsson).

Rvík: Gufunes, 26. nóvember (Páll Hersteinsson).

A-Skaft: Hof í Örafum, 28. febrúar (Jóhann Þorsteinsson).

Viðborðssel á Mýrum, 18.-27. apríl (BA ofl.).

Hraunkot í Lóni, ungf 25. september til 7. október (ESH, GP, ÓE ofl.).

Brekka í Nesjum, þrír ungf 6. október (ESH, GP, ÓE).

V-Skaft: Núpsstaður í Fljótshverfi, 3.-21. mars (Jakob Guðlaugsson ofl.).

Kirkjubæjarklaustur, 6. mars (Þórarinn Eggertsson).

Tungulækur í Landbroti, fjórir 16. október (Þórarinn Eggertsson).

Snæf: Grundarfjörður, 22. desember (Jens Pétur Högnason ofl.).

Strand: Djúpvík, Árneshr, um mánaðamót okt./nóv. (Jón Elías Jónsson).

N-Ping: Krossdalur í Kelduhverfi, fyrri hluti nóvember til 13. nóvember (Sveinn Þórarinnsson).

Daðastaðir í Núpasveit, ungf 23. maí til 14. júní (Auðunn Benediktsson ofl.).


Víkingavatn í Kelduhverfi, ungf 20. október (GH, HeB).

1980:

N-Ping: Höskuldarnes á Melrakkaslétu, einn í október 1980 ☆ (Sölvi Sigurðsson).

1984:

A-Skaft: Þveit í Nesjum, 20. október 1984 ☆, merktur „Stavanger 252308“ þann 4.6.1984 (Jóhann Brandsson).



1. mynd. Staðir þar sem gráhegrar sáust veturinn 1984-1985 og fjöldi fugla. – *Distribution and number of Ardea cinerea in winter 1984-1985.*

N-Ping: Krossdalur í Kelduhverfi, nóvember 1984 til 24. febrúar (Sveinn Pórarinnsson).

Röðaf læmingi *Phoenicopterus chilensis* (0,0,1)

Sunnanverð S-Ameríka. – Fuglar af þessari tegund hafa verið fluttir til Evrópu og stundum sloppið þar úr haldi, og nú m.a. flækst hingað til lands í fyrsta sinn.

A-Skaf: Holtahólar á Mýrum, 6. apríl ☆, hafði sést í nokkra daga (Sigurður Guðjónsson ofl.), sjá Blika 4: 57-67.

Blesgæs *Anser albifrons albifrons* (0,1,1)

Þessi deilitegund verpur í norðanverðum Sovétríkjunum. – Hefur sést hér með vissu einu sinni áður (sjá Blika 1: 46-47).

A-Skaf: Dynjandi í Nesjum, 4. janúar ☆ (Sigurður B. Eymundsson).

Snjógæs *Anser caerulescens* (-,54,11)

N-Kanada og NA-Síbiría. – Lifir sums staðar hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, oftast í fylgd með blesgæsum. Engar „blágæsir“ sáust þetta árið.

Arn: Villingaholt, Villingaholtshir, 26. maí (Bolli Sigurhansson).

Borg: Skeljabrekka í Andakíl, 3. nóvember (Henning Kristjánsson).

Eyf: Langahlfð í Hörgárdal, 29. maí (Ib Petersen).

Gull: Gerðar, 21. apríl (GP, ÓE), 2. mynd.

Rang: Stórolfshvöll, Hvolshir, ein um haustið ☆ (Óskar Pálsson).

Sauðhúsvöllur undir Eyjafjöllum, 12.-14. október (Ingi Sigurjónsson).

Stórahof, Rangárvallahr, fjórar 27. október (Ragnar Helgason).

Snæf: Kolviðarnes og nágr., Eyjahr, 29. apríl til 1. maí (Trausti Tryggvason).

1984:


N-Múl: Eyjabakkar, 3. júlí 1984 á jókullóni við Eyjabakkajökul (KHS, SP), 17. ágúst 1984 norðan Bergkvíslarkofa (SP).

Kanadagæs *Branta canadensis* (-,15,5)

Norðurhluti N-Ameríku. – Verpur víða villt og hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, og er sennilegt að þar eigi í hlut bæði amerískir og evrópskir fuglar.

Arn: Bræðratunga í Biskupstungum, 28. september ☆ (Garðar Jónsson).

N-Múl: Litli-Bakki í Hróarstungu, karlf paraður grágæs *Anser anser*, hreiður með



2. mynd. Snjógæs *Anser caerulescens*. Garður, 21. apríl 1985. Ljós. Ólafur Einarsson.

tveimur eggjum fundið, hreiður tómt 12. júní, ekki er vitað hvort ungar komust úr eggjum (Jóhann Gunnarsson, SP).

S-Múl: Stöðvarfjörður, 8. apríl ☆ (skv. Ara Albertssyni).

Rang: Skeggjastaðir í V-Landeyjum, amk ein 12. október ☆ (Jóhann Brandsson), ber einkenni deilitegundarinnar *hutchinsii*.

Skag: Álftavatn, Skarðshir, 2. júní (Ingólfur Sveinsson).

Brandönd *Tadorna tadorna* (-,7,1)

NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asía. – Allalgeng hér á landi.

S-Múl: Neskaupstaður, kvænf 28. apríl, sást í nokkra daga (Einar Pórarinnsson ofl.).

Ljóshöfði *Anas americana* (-,20,5)

Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss hér á landi og allalgeng í Evrópu.

Eyf: Kristnes, Hrafnagilshir, fullu karlf 27. júní til 6. júlí (KM ofl.).

V-Ísf: Drangar í Dýrafirði, fullu karlf 29. júní (GAG).

Gull: Brunnastaðir á Vatnsleysuströnd, fullu karlf frá 30. desember 1984 til 4. mars (ESH ofl.), sjá einnig skýrslu 1984.

Ósar, karlf 10. febrúar (HPH, IG, KHS).

Merkines, Hafnahr, fullu karlf 30. nóvember (Karno Mikkola, Ævar Petersen).

S-Ping: Mývatn, karlf 10. maí í Valþjófsnesi, karlf 17.-26. maí á Helgavogi, sennilega sá sami (EP, ÓKN ofl.). Eftir útliti gæti fuglinn hafa verið kynblendingur rauðhöfða og ljóshöfða.

Urtönd *Anas crecca carolinensis* (-,15,1)
Norðurhluti N-Ameríku. – Ameríska deilitegund urtandarinnar er árviss í Evrópu og nær árviss hér á landi.
Rvík: Elliðavatn, karlf 13. apríl (Hjálmar R. Bárðarson, KHS).

Taumönd *Anas querquedula* (-,8,3)
Evrópa og Asía. – Sjaldgæfur, en þó líklega árviss flækingur hér á landi.
Eyf: Kristnes, Hrafnagilshr, tveir karlf 21.-27. júní (GP ofl.).
S-Ping: Mývatn, fullu karlf 17.-26. maí á Helgavogi (GAG, Hjálmar R. Bárðarson, JSÓ ofl.).

Skutulönd *Aythya ferina* (-,32,3)
Miðbik Evrópu og Asíu. – Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum hér á landi.
Rvík: Tjörninn, kvenf 9.-11. maí (Kim Fischer ofl.).
S-Ping: Kráká í Mývatnssveit, karlf 18. eða 19. maí (Friðrik Dagur Arnarson).
Mývatn, fullu karlf 23. júní á Neslandavík (GH, HeB).

Hringönd *Aythya collaris* (-,7,1)
N-Ameríka. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi, en er nú algengasta ameríska öndin í V-Evrópu.
S-Ping: Mývatnssveit, karlf 18. maí á Grænalæk (EP, GAG, JSÓ), fullu karlf 26. maí á Smiðjutjörn (KL), sennilega sami fugl.

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* (-,240,44)
Nyrstu héruð N-Ameríku og Sibiríu; Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar.
V-Barð: Otradalur í Arnarfirði, fullu karlf 16. júlí (KHS, PL, Richard L. Knight).
Trostansfjörður, Arnarfirði, þrír fullu karlf 17. júlí, tveir fullu karlf 28. júlí (KHS, PL, Richard L. Knight ofl.).
Tálknafjörður, fullu karlf 28. júlí (GAG).
Reykjafjörður í Arnarfirði, fullu karlf 28. júlí (GAG).
Eyf: Akureyri, kvenf 18. desember til 3. janúar 1986 (GH, HeB ofl.).
Gull: Gerðar, ungur kvenf 6. janúar (GP, HPH, KHS), árgsamill karlf 11. maí (GP, GP).
Kópavogur, karlf 3. febrúar (Ísleifur Friðriksson).
Keflavík, kvenf 30. desember 1984 til 9.

febrúar (GP ofl.), sjá einnig skýrslu 1984.
Hausastaðir á Álftanesi, karlf á fyrsta vetri 31. mars (GP, KHS).
Arnarnesvogur í Garðabæ, fullu karlf 31. mars til 5. apríl (KM ofl.).
Garðskagi, fullu karlf 21.-25. apríl (GP ofl.), ungur karlf 25. apríl (KM).
Bessastaðatjörn á Álftanesi, karlf á fyrsta vetri 25. apríl (Ásgeir Halldórsson).
Grindavík, karlf 29. desember (Björn Guðbrandsson, JSÓ).
Ytri-Njarðvík, karlf á fyrsta vetri 29. desember (GP).
V-Ísf: Öfundarfjörður, fullu karlf 20. mars við Hjarðardal, fullu karlf 10. maí við Kaldá (GAG), fullu karlf 5. júní út af Holtsodda (KHS), fullu karlf við Tannanes um 6. júní (Þorsteinn Ingimundarson), fullu karlf 29. júní út af Flateyri, tveir fullu karlf 25. júlí innan Flateyrar (GAG).
Hrafnseyri við Arnarfjörð, fullu karlf 1. maí (HPH, KHS, Stanley A. Temple).
Laugaból við Arnarfjörð, karlf í varpi um voríð (Aðalsteinn Guðmundsson).
Dýrafjörður, karlf 8. maí við Ketilseyri, tveir karlf við Dranga og tveir karlf við Svalvoga 25. júlí (GAG).
Grjótreyri í Borgarfirði, fullu karlf 28. júlí (GAG).
S-Múl: Eskifjörður, fullu karlf 25. mars til 10. apríl (PL ofl.).
Norðfjörður, fullu karlf 1. maí (SP).
Rvík: Elliðavogur, karlf á fyrsta vetri 4. janúar til 20. mars (ESH ofl.).
Sundahöfn, fullu karlf 19. janúar til 8. maí (EP, HPH ofl.).
Snæf: Rif, Neshr, fullu karlf í varpi 11. maí (Lúðvík Smárason).
Strand: Hólmavík, tveir karlf 9. apríl til 15. maí (BA).
S-Ping: Undan Héðinshöfða á Tjörnesi, tveir fullu karlf 10. febrúar, höfðu sést við Lundey frá hausti 1984 (GH).
Húsavík, kvenf kom í net 10. mars ☆ (Helgi Héðinsson), fullu karlf 23. mars (SG).
Undan Lynghöfða á Tjörnesi, karlf 5.-6. apríl (GH, HeB ofl.).
Undan Köldukvísl á Tjörnesi, karlf 6. apríl (GH, HeB).
Undan Ærvíkurhöfða við Skjálfanda, fullu karlf 19. október (GH, HeB, SG, Þröstur Eysteinnsson).

- Gvendarbás við Húsavík, fullu karlf 19. október (GH, HeB, SG, Þröstur Eysteinnsson).
- Kynblendingur æðarfugls og æðarkónings**
Somateria mollissima × *spectabilis* (-,6,2)
 Borg: Hólguvík í Hvalfirði, karlf 28. desember (GAG).
- V-Ísf:* Holt í Öndurafirði, karlf 4.-9. júní, sást m.a í varpi (Lárus Guðmundsson ofl.).
- Krákönd *Melanitta perspicillata* (-,8,3)**
 Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss í Evrópu en sjaldgæf hér á landi.
V-Ísf: Undir Eyrarfjalli í Dýrafirði, þrír karlf 30. maí (GAG).
- Korpönd *Melanitta fusca* (-,13,2)**
 N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Sjaldséður, en þó líklega árviss flækingur.
V-Ísf: Arnarnes í Dýrafirði, fullu karlf 1. júlí (GAG).
- N-Ping:* Lón í Kelduhverfi, karlf 21. október (SG).
- Hvinönd *Bucephala clangula***
